

Hopp ætlar að
vaxa erlendis



Myrkur og fjör
í ljóðum Brynju



GLÆNÝR
BÆKLINGUR

RÚMFATA
LAGERINN

Markaður ➤ 8

Menning ➤ 20

FRÉTTABLAÐIÐ

216. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 3. NÓVEMBER 2021



Landsátakið Syndum var sett með formlegum hætti í hádeginu í Laugardalslaug í gær. Markmiðið er að hvetja almenning til hreyfingar og að synda saman hringinn í kringum Ísland og verður boðið upp á að skrá hvern metra sem Íslendingar synda. Átakið hófst á sama degi og fyrstu tveir þátttakendur Íslands stungu sér til sunds á Evrópumeistaramótinu í 25 metra laug í Kazan. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

Ný ríkisstjórn mynduð í næstu viku

Legið verður yfir stjórnar- myndun um helgina að sögn formanns Sjálfstæðisflokks- ins. Þótt tíminn sé naumur muni ný stjórn setja mark sitt á frumvarp til fjárlaga næsta árs.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL „Við þurfum að nýta helgina vel og dagana þar í fram- haldinu og þá trúi ég að þetta fari að klárast,“ segir Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra um ganginn í viðræðum stjórnarflokk- anna um áframhaldandi stjórnar- samstarf.

Hann segist hafa trú á því að unnt

verði að mynda stjórn í næstu viku. Viðræðum hafi miðað vel þótt hlé hafi orðið á þeim í þessari viku vegna loftslagsráðstefnunnar og funda Norðurlandaráðs.

Ekki hafa fleiri en formennirnir þrír komið með beinum hætti að viðræðum en aðspurður segir Bjarni að þau hafi aðstoðarfólk með sér í verkefnum tengdum viðræðunum.

Alþingi verður ekki sett nema fjármálaráðherra sé tilbúinn með fjárlagafrumvarp til framlagningar.

Aðspurður bendir Bjarni á að reynslan sýni að vel sé unnt að ljúka fjárlagagerð með stuttum fyrirvara eftir myndun ríkisstjórnar og vísar til þess að fyrir fjórum árum var stjórnin mynduð 30. nóvember. Þá



Við erum auðvitað með ákveðinn grunn í fjármálaáætlun sem fjárlög næsta árs byggja á.



Bjarni Benediktsson

var fjárlagafrumvarp lagt fram 14. desember og fjárlögin samþykkt í þinginu 30. desember.

„Við erum auðvitað með ákveð- inn grunn í fjármálaáætlun sem fjárlög næsta árs byggja á,“ segir Bjarni, um vinnu við fjárlagafrum- varpið.

Þá liggi að stórum hluta fyrir áætlun um tekjur á grundvelli fyr- irliggjandi laga og spá um útgjöld miðað við verðlagsþróun.

„Auðvitað eru möguleikar nýrrar stjórnar til að setja mark sitt á þetta fjárlagafrumvarp takmarkaðir en það þýðir ekki að við ætlum ekki að gera það,“ segir Bjarni og bætir við: „Við munum auðvitað setja mark okkar á það og taka ábyrgð á því.“ ■

Gul fita rakin til sæðingahrúts

LANDBÚNAÐUR Eftir að erfðagalli fannst í tveimur sláturlömbum í haust hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hvatt til þess að 600 afkvæmi eins sæðingahrúts verði felld eða ekki notuð til frekari ræktunar.

Gallinn er ekki sjúkdómur sem slíkur en leiðir af sér að kjötið er með gulari fitu. Það leiðir til þess að kjötið gefur ólustugt útlit.

Búið er að fella sæðingahrútinn en Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnað- arins, segir að þótt sjúkdómurinn sé þekktur séu tuttugu ár frá því að hrútur á sæðingastöð var með erfða- gallann. **SJÁ SÍÐU 4**

Nú geturðu tryggt þitt fyrirtæki fyrir netárásum

Með **Netöryggistryggingu TM** er þitt fyrirtæki verndað gegn fjárhagslegu tapi í kjölfar netárásar, gagnaleka eða auðkennisþjófnaðar. **Kynntu þér málið á [tm.is](#).**

TM

Hugsum í framtíð

Tuttugu Afganar til Íslands í gær

lovisa@frettabladid.is
birnadrofn@frettabladid.is

FLÓTTAFÓLK Síðdegis í gær komu til Íslands tuttugu afganskir flóttamenn. Fólkið er hluti af þeim 30 Afgönum sem staðsettir voru í Evrópu og íslensk stjórnvöld hafa verið í sambandi við. Von er á tíu einstaklingum frá Afganistan til viðbótar á næstunni, fólkið er í Evrópu.



Fólkið er hluti af þeim 30 Afgönum sem staðsettir voru í Evrópu og íslensk stjórnvöld hafa verið í sambandi við.

25 til 30 Afganar, sem íslensk stjórnvöld hafa einnig verið í sambandi við, eru enn í Afganistan. Fólkið sem kom til landsins í gær eru þrír starfsmenn NATO og fjölskyldur þeirra. Ellefu þeirra eru undir átján ára aldri. Félagsmálaráðuneytið hefur gert samning við Rauða krossinn á Íslandi um að aðstoða þá Afgana sem búa á Íslandi við að fá fjölskyldur sínar frá Afganistan til Íslands. Mun ráðuneytið fjármagna stöðugildi til að hjálpa þeim við að fylla út umsóknir um fjölskyldusameiningar, ferli sem er talsvert flókið. ■

Dúllað sér við skreytingarnar



Þessi maður var yfirvegaður, einbeittur og rólegur þegar hann setti upp jólaskraut í Pósthússtrætinu í gær þrátt fyrir að mikill og kaldur næðingur væri í höfuðborginni. Kannski ekki seinna vænna en að hefjast handa við skreytingarnar þar sem fimmtíu dagar eru til jóla. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Skotárásarmál felld niður án ákæru

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Mál gegn fyrrverandi lögreglumanni sem sat í gæsluvarðhaldi snemma á árinu, grunaður um að hafa skotið úr byssu á bíl borgarstjórans í Reykjavík í janúar og á skrifstofu Samfylkingarinnar nokkru fyrr, hefur verið felld niður hjá embætti héraðssaksóknara. Þetta herma heimildir blaðsins. Byggir ákvörðun um niðurfellingu málsins á ákvæði sakamálalaga sem kveður á um að lögregla geti hætt rannsókn ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram. Samkvæmt heimildum blaðsins var hinn grunaði handtekinn eftir að myndum úr eftirlitsmyndavélum í nærliggjandi götum var aflað. Hvorki þær né önnur sönnunargögn í málinu eru talin duga til sakfellis en maðurinn hefur ávallt neitað sök. Niðurfelling málsins tekur þó einöngu til meintra hegningarlaga-



Ummerki eftir byssukúlu á rúðum skrifstofu Samfylkingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

brota, það er rannsókn á ofbeldi eða hótunum gegn opinberum starfsmanni, hættubroti og eignaspjöllum, en ekki til meintra brota mannsins á vopnalögum, þar á meðal um meðferð og innflutning vopna og skotvopnaburð á almannafæri. ■

Hrekkjavakan ein stærsta hátíð ársins hér á landi

Innflutningur og sala á graskerum jókst gríðarlega mikið á milli ára hjá öllum helstu verslunum landsins. Allt bendir til þess að hrekkjavökuhátíðin sé að festa sig í sessi á Íslandi.

mhj@frettabladid.is

VERSLUN Aldrei hafa fleiri grasker verið seld á Íslandi og í síðustu viku en allar helstu verslanir landsins fluttu inn meira magn af graskerum í ár en síðustu ár. Þau seldust síðan öll upp fyrir hrekkjavökuna sjálfa, 31. október. Ásta Sigríður Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar, segir ljóst að hrekkjavakan sé búin að festa sig í sessi hér á landi og sé orðin ein stærsta hátíð ársins. Graskerasala hjá Krónunni jókst um 50 prósent á milli ára. „Við vorum að selja tæplega 8.000 grasker. Við höfum sölu á þessu sirka 2017 og þá vorum við að kaupa 500 grasker. Svo hefur þetta bara vaxið ár hvert,“ segir Ásta og bætir við að Krónan þurfi klárlega að flytja inn fleiri grasker á næsta ári. „Þetta er nefnilega orðin ein stærsta hátíð ársins. Þetta er ekki bara fyrir börnin, heldur fullorðna líka. Þetta sameinar fjölskylduna, og það er rosagléði í kringum þetta,“ segir Ásta en það voru ekki bara graskerin sem seldust vel. „Skraut, skrautgrasker, útskurðartöl og í raun allt sem tengdist þessu seldist vel.“ Á sama tíma seldu verslanir Hagkaups rúmlega 12 tonn af graskerum í ár. Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri Hagskaups, segir að Hagkaup hafi verið ákveðinn brautryðjandi í innflutningi á graskerum fyrir 12 árum síðan. „Þá vorum við að flytja inn um



Vinsældir hrekkjavökkunnar hafa vaxið til muna á síðustu árum. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**



Þetta er ekki bara fyrir börnin, heldur fullorðna líka. Þetta sameinar fjölskylduna.

Ásta Sigríður Fjeldsted

2 tonn á ári í kringum hrekkjavökuna. Síðustu ár hefur þessi tala svo verið að hækka og fór upp í 8 tonn árið 2019 og 10 tonn árið 2020,“ segir Sigurður en líkt og annars staðar seldust öll grasker Hagkaups upp nokkru fyrir hátíðina sjálfa. „Það er ljóst að á næsta ári erum við að horfa á 14 til 15 tonn. Þetta er ótrúleg þróun og ljóst að þessi viðburður er búinn að stimpla sig inn svo um munar,“ segir Sigurður. Baldur Ólafsson, markaðsstjóri Bónuss, segir hið sama upp á teningnum hjá þeim. Hann var ekki með heildstæðar sölutölur en sagði Bónus hafa flutt inn meira af graskerum í ár en síðustu ár. „Það seldist svo allt upp hjá okkur fyrir 30. október,“ segir Baldur. ■

Allt fyrir veisluna á einum stað

Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga

PARTYBUDIN

FAXAFEN 11, 108 REYKJAVÍK, S. 534-0534
WWW.PARTYBUDIN.IS

EMBRACE THE EFFECT

Gleðileg gjafasett.

Hátíðlegu gjafasettin okkar koma í þremur útfærslum sem innihalda úrval þess allra besta úr vörulínu BIOEFFECT. Hvern kassa prýðir útsaumslistaverk, hannað og bróðerað af listamanninum James Merry.

BIOEFFECT



Árskort ungmenna hækkar um sex-tíu prósent í þessum mánuði.

Árskort fyrir aldraða hækkar

helenaros@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Árskort Strætó fyrir bæði aldraða og ungmenni á aldrinum 12 til 17 ára hækkar um tæpan helming með nýrri gjaldskrá sem tekur gildi 16. nóvember 2021. Tólf mánaða kort fyrir þessa aldurshópa hækkar úr 25 þúsund krónum upp í 40 þúsund krónur. Samkvæmt tilkynningu frá Strætó er markmið breytinganna að einfalda gjaldskrána og gera öllum hópum kleift að kaupa mánaðarkort á hagstæðu verði. Þá verður ekki lengur hægt að greiða með farmiðum um borð í Strætó á höfuðborgarsvæðinu. ■

Segir hugmyndir um Borgarlínuna allt of dýrar

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Kristinn D. Gissurarson, fulltrúi Framsóknarflokksins í Skipulagsráði Kópavogs, lét bóka á fundi ráðsins á mánudag að þær hugmyndir og áætlanir sem nú eru uppi varðandi Borgarlínuna séu óraunhæfar og allt of dýrar í framkvæmd.



Kristinn segir áætlanir um Borgarlínu of dýrar.

Kristinn segist ákafur talsmaður betri almenningsgangna en sé einnig talsmaður þess að farið sé skynsamlega með fé skattborgara. Hann bendir þó á í bókun sinni að margt sé gott í vinnu Verkefnastofu Borgarlínu en hugmyndafræðin og nálgun verkefnisins sé miklum vafa undirorpin og því rétt að staldra við og fara enn og aftur yfir heildarmyndina. Undir bókunina tók Júlíus Hafsteinn, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. ■

Efnisleg umræða um gögnin á löngum fundum

adalheidur@frettabladid.is

KOSNINGAR „Það er ólíklegt að nefndin ljúki störfum í þessari viku. Við munum funda stíft í vikunni og tökum stöðuna í vikulok,“ segir Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður undirbúningsnefndar kjörbréfa-nefndar. Nefndin hefur haft langa fundardaga í þessari viku og er að sögn



Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Birgis að hefja umræðu um þau gögn sem nefndin hefur aflað. Aðspurður segir hann gagnaöflun að mestu lokið og nú hefjist umræða um hina matskenndu þætti og eiginlegar umræður um tillögugerð nefndarinnar til þingsins. Um samstöðuna í nefndinni segir Birgir hana hafa verið góða um málsmæðferð nefndarinnar. „Svo á eftir að koma í ljós hvort samstaða verður um hina matskenndu þætti

sem nefndin þarf að fara yfir og tillögugerð nefndarinnar,“ segir Birgir. Hann segir að í venjulegu árferði skili kjörbréfanefndin sameiginlegri tillögu. En nefndin sé að fast við öðruvísi mál núna. Birgir segir ómögulegt að segja til um hvort nefndin klofni í lokaniðurstöðu sinni. „Ég held að vilji allra nefndarmanna standi til þess að skila tillögu í sameiningu og ég vona að svo verði,“ segir Birgir að lokum. ■

Fundu erfðagalla í sæðingahrúti

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hvetur til þess að um 600 afkvæmi hrútsins Munins 16-840 verði annaðhvort felld eða að minnsta kosti ekki notuð til ræktunar. Gul fita fannst í tveimur lömbum hans í sláturtíðinni.

kristinnhaukur@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Í haust fundust tvö sláturlömb undan sama hrútnum með erfðagalla sem lýsir sér í gulri fitu. Gallinn er ekki sjúkdómur sem slíkur og hefur ekki önnur áhrif en að kjötið verður ólustugt að sjá. Í kjölfarið var hrúturinn, sem var á sæðingastöð, felldur. „Gallinn lýsir sér í því að skrokkfítan verður áberandi gul. Ég veit ekki til þess að þetta hafi neitt að gera með bragð en áferðin verður óaðlaðandi,“ segir Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. „Þetta hefur verið þekkt í sauðfé hér á landi mjög lengi og er einn af fyrstu erfðagöllum sem var lýst. En það eru rúmlega tuttugu ár síðan það var síðast grunur um gallann hjá hrút á sæðingastöð.“ Sá hrútur hét Náli 98-870. Hrúturinn sem nú var grunaður um að hafa gallann hét Muninn með númerið 16-840 og var fæddur á bænum Yzta-Hvammi í Suður-Þingeyjarsýslu. Hann kom í fyrsta skipti á sæðingastöð á síðasta ári. Gallinn er víkjandi í erfðum, sem þýðir að bæði hrúturinn og ærin þurfa að hafa hann til þess að lambið hafi gula fitu. „Þess vegna getur gallinn læðst út í stofninn og leynst þar mjög lengi,“ segir Eyþór. Gallinn þekkist erlendis, til dæmis í Noregi og Írlandi. Samkvæmt írskri rannsókn frá sjöunda áratugnum kom fram að guli liturinn stafaði af efninu xanthophyll og sett var fram sú kenning að það sauðfé sem bæri gallann gæti ekki



Gul fita eða kjötgula gefur kindakjöti ólustugt útlit en hefur ekki áhrif á bragðið.

MYND/RML



Það er tvennt í stöðunni. Að fella gripina eða, ef á að nota þá í framleiðslu, að setja að minnsta kosti ekkert á undan þeim.



Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá RML

oxað efnið og umbreytt í A-vítamín. „Muninn fékk ágæta notkun, en ætla má að hann hafi átt um 600 afkvæmi síðastliðið vor. Skráðir hafa verið dómar í Fjávís.is á 234 afkvæmi hans. Ætla má að meirihlutinn af þeim séu lömb sem bændur hafa ætlað sér að setja á, enda kom hrúturinn glimrandi vel út úr skoðunum haustsins, eins og við mátti búast,“ segir Eyþór. „Ég reikna ekki með að gallinn sé mjög útbreiddur í stofninum í dag, þar sem fáar tilkynningar hafa borist um gula fitu á síðustu árum og að ekki skyldu þó koma fleiri slík tilfelli undan Munin.“ Hér á Íslandi rannsakaði búfræðingurinn Páll Zóphoniasson gallann um miðja síðustu öld en þá var hann talinn mikill skaðvaldur því

að ekki var hægt að flytja slíkt kjöt út. Páll komst að því að gallinn væri víkjandi eftir að hafa rannsakað 17 sauðfjárbýli. Virðist sem gallinn hafi fyrst komið upp í Reykjarfirði við Djúp. Ráðgjafarmiðstöðin hvetur bændur til þess að framrækta ekki þennan galla, það er að nota ekki afkvæmi Munins til ræktunar. „Það er tvennt í stöðunni. Að fella gripina eða, ef á að nota þá í framleiðslu, að setja að minnsta kosti ekkert á undan þeim,“ segir Eyþór. Hann segir að betra hefði verið ef þetta hefði uppgötvast áður en sláturtíð lauk, en myndin var að skýrast nú á allra síðustu dögum þannig að hægt væri að fullyrða að sterkar líkur séu á að Muninn bæri þennan erfðagalla. ■

Hvernig er draumasófinn þinn?

Handgerðir íslenskir sófar

- Margar útfærslur í boði
- Mikið úrval áklæða
- Engin stærðartakmörk

Sjá nánar á patti.is



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is



Hissa á að Borgarlínan sé ekki nefnd

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg tilkynnti í gær nýja fjárhagsáætlun til næstu fimm ára og var um leið fagnað að borgin væri í vexti á erfðum tímum. Þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi aukist verulega undanfarin tvö ár hefur atvinnuleysi í borginni minnkað frá því í febrúar og er nú 5,8 prósent. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, sagði í ræðu sinni í umræðum um fjárhagsáætlunina að skólamál yrðu í miklum forgangi hjá Reykjavíkurborg á næsta ári og á að verja á bilinu 25–30 milljörðum til þeirra á næstu 5–7 árum. Í skýrslunni er gert ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu í A-hluta sem rekja má til efnahagskreppunnar og magnaukninga, einkum í velferðarþjónustu, vegna aukinna skuldbindinga af hálfu ríkisins sem



Eyþór hefur áhyggjur af skuldum.

lagðar eru á sveitarfélög án þess að tekjustofnar séu styrktir. Frá og með árinu 2022 er gert ráð fyrir batnandi rekstrarniðurstöðu sem skýrist m.a. af aðgerðaáætlun til næstu fimm ára sem á að hafa jákvæð áhrif á bæði tekjur og útgjöld borgarinnar. „Reykjavík mun vaxa út úr þeim vanda sem Covid skilur eftir sig,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgar-

stjóri meðal annars í tilkynningunni. „Niðurstöður eru í samræmi við Græna planið sem lagt var fram í fyrra og er sýn borgarinnar til skamms og lengri tíma. Borgin er að sækja fram og næsti áratugur verður áratugur Reykjavíkur.“ „Fyrsta sem vakti athygli mína er að skuldasöfnunin haldi áfram því hún er ósjálfbær. Við höfum talað fyrir því að hagræða rekstri, hætta fyrirtækjarekstri og leggja áherslu á fjölgun íbúa,“ sagði Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, aðspurður út í fjárhagsáætlunina. „Það gæti komið til endurbóta á holræsakerfinu á þessum tíma án þess að það sé minnst á það. Svo vakti það athygli mína að það var ekkert framlag til Borgarlínunnar. Það er ekki að hægt sé að setja það á laggirnar án þess að gera ráð fyrir fjármagni.“ ■



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM



Forleikur að jólum

3. - 4. nóvember

Dagskrá milli kl 16 og 19



SÝNIKENNSLUR Í KRANSAGERÐ, INNPÖKKUNUM OG LJÓSASKREYTINGUM

KYNNING Á ÍSLENSKRI HÖNNUN

FRÁ VORHÚS, HEKLA ÍSLANDI, FABIA, IHANNA, SANÐ OG TINNU MAGG

RÁÐGJÖF Í LJÓASERÍUUPPSETNINGU OG SKREYTINGAGERÐ

GÓMSÆTT SMAKK OG LUKKUPOTTUR




GARÐHEIMAR

Klúbburinn vill skriflegan samning

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Í tilefni af 30 ára afmæli Rótarýlunarins í Mosfellsbæ hefur Rótarýklúbburinn sent bænum bréf um að fá skriflegan samning um lundinn.



Samningurinn finnst hvorki í gögnum Rótarýklúbbsins né Mosfellsbæjar.

Samningurinn sem gerður var fyrir löngu finnst nú hvorki í gögnum Rótarýklúbbsins né Mosfellsbæjar. Lundurinn var afhentur klúbbnum af Páli Guðjónssyni, fyrrverandi bæjarstjóra. Hefur klúbburinn gert reitinn að sannkallaðri paradís. Bærin vísaði erindinu til umsagnar umhverfisstjóra og skipulagsfulltrúa. ■

Fimmtán þúsund látin í Svíþjóð

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Yfir fimmtán þúsund manns hafa látist vegna Covid-19 í Svíþjóð. Þar hafa tæplega 1,2 milljónir smita sjúkdómsins verið skráð og er það mesti fjöldi smita á Norðurlöndunum. Í Danmörku hafa verið skráð rúmlega 391 þúsund Covid-19 smit og um 2.700 manns hafa látið lífið vegna sjúkdómsins. Í Noregi eru skráð tilfelli um 208 þúsund talsins og rétt rúmlega 900 manns hafa látist þar vegna Covid.

Hér á landi hafa verið skráð 13.829 smit og í gær voru þrettán manns inniliggjandi á sjúkrahúsi vegna Covid, þar af tveir á gjörgæslu. Af þeim sem greinst hafa með Covid-19 á Íslandi eru 34 látin. ■

Vilja sjá meiri metnað hjá íslenskum stjórnvöldum

Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands er gagnrýnn á leiðtogaávarp Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra sem hún flutti á COP26 í gær. Hann segir Ísland ekki hafa uppfært sitt markmið. Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna, tekur í sama streng.

COP26


elinhirst@frettabladid.is

„Katrín sagði í ávarpi sínu að vísindin boði að við verðum að uppfæra markmið okkar en Ísland hefur ekki uppfært sitt markmið.“ Þetta segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, sem er gagnrýnn á leiðtogaávarp forsætisráðherra sem hún flutti í gær á loftslagsráðstefnunni Cop26 í Glasgow.

Forsætisráðherra sagði meðal annars í ávarpi sínu að vísindagögnin væru meira sannfærandi en áður um að Parísarsamkomulagið nægði ekki til að bregðast við loftslagsvánni.

„Við verðum að uppfæra,“ sagði Katrín og fór yfir uppfærslur Íslands í loftslagsmálum frá því í desember á síðasta ári þar sem ákveðið var að stefna að 55 prósentu samdrætti í losun í stað 40 prósentu og að efla aðgerðir í kolefnisbindingu og landnotkun til að ná markmiði Íslands um kolefnishlutleysi 2040.

Árni telur þessar yfirlýsingar forsætisráðherra skorta innihald. „Katrín nefnir að kolefnishlutleysi árið 2040 hafi verið löglegt fyrr á árinu. Rétt, það hafðist. Nú höfum við aðeins fögur fyrirheit um kolefnishlutleysi árið 2040. Á hinn bóginn skortir lögin allt innihald eða bautasteina í tíma og magni. Bara kolefnishlutleysi árið 2040.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands, flutti leiðtogaávarp á COP26-loftslagsráðstefnunni í Glasgow í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Löggjafinn hefur ekki skilgreint hvernig markmiðinu kolefnisfrú Íslandi árið 2050 skuli náð,“ segir Árni Finnsson.

Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna, tekur í sama streng og formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.



Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands



Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna



Nú höfum við aðeins fögur fyrirheit um kolefnishlutleysi árið 2040.

Árni Finnsson

„Sameiginlegt landsframlag Íslands, Evrópusambandsins og Norðs til Parísarsáttmálans hljóðar upp á 55 prósentu samdrátt fyrir 2030 en sá samdráttur á við um svæðið sem heild og það á eftir að ákvarða og reikna út hver hlutur Íslands verður.

Við biðum því enn eftir að sjá sjálfstæðan metnað hjá íslenskum stjórnvöldum sem endurspeglar áform þeirra þennan áratug, líkt og við sjáum hjá öðrum Norðurlandabjóðum,“ segir Tinna. ■

Óheppilegt að hið opinbera sé að taka við slíkum gjöfum með skilmálum

bth@frettabladid.is

SAFNAMÁL „Þetta mál er auðvitað afar óheppilegt fyrir alla aðila. En það sem mér finnst standa upp úr er að opinberir aðilar geta ekki og eiga ekki að taka við svona gjöfum með skilyrðum eða skilmálum,“ segir Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði við Háskóla Íslands.

Árið 2012 færði Sjálfseignarstofnunin Listasafn Sigurjóns Ólafssonar Listasafni Íslands að gjöf allar eigur sínar, þar á meðal 181 privitt listaverk, 240 teikningar, fasteign á Laugarnestanga og lausafé. Í gjafaþréfinu kom fram að listaverkin væru gefin án kvaða utan þess að þau yrðu varðveitt og þeim viðhaldið á „þann besta mögulega hátt sem kostur er hverju sinni að mati Listasafns Íslands“. Þá yrði höfundar-, sæmdar- og fylgiréttur áfram í eigu ekkju Sigurjóns eða þess sem leiðir rétt sinn frá henni.

Síðan hefur skapast deila milli ekkju Sigurjóns, Birgittu Spur, og hins opinbera eins og Fréttablaðið hefur greint frá undanfarna daga. Fjárveitingar hafa að sögn Birgittu verið ónógar. Embættismenn menntamálaráðuneytisins hafi ekki viljað að safnið yrði rekið sem sjálfstæð eining með eigin stjórn og fé, líkt og Listasafn Einars Jónssonar og Gljúfrasteinn.



En það sem mér finnst standa upp úr er að opinberar aðilar geta ekki og eiga ekki að taka við svona gjöfum með skilyrðum eða skilmálum.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði við HÍ

Sigurjón Baldur segir að ef gefendur séu ekki tilbúnir til að sleppa hendinni af gjöfinni eigi að leita annarra leiða.

„Það stendur safnastarfi fyrir þrifum, að taka við gjöfum með skilyrðum og í raun stangast það á við þær siðareglur sem söfn starfa eftir, eins og Listasafn Íslands gerir,“ segir Sigurjón.

„Miðað við stöðuna á Listasafni Íslands, þar sem varðveislumálin og annað í starfsemi þess biður úrlausna, finnst mér að safnið eigi að láta gerninginn ganga til baka. Það væri farsælasta lausnin.“ ■

Klakavélar

mikið úrval

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELÐHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur
Draghálsi 4 -
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

TAKTIK 5767 #

Hyundai TUCSON PHEV

Verð frá: **5.790.000** kr.

Hyundai KONA EV

Verð frá: **5.290.000** kr.

Hyundai gerir gott enn betra.

Nýr Tucson PHEV og 100% rafdrifinn
Kona. Betri og betri.

Þetta er ekki bara þróun, heldur hrein umbylting: Nýr Tucson með skarpri hönnun og öflugri aksturseginnleikum án þess að fórna nokkru af jepplingseiginleikum. Nýr 100% rafdrifinn Kona með óviðjafnanlega 484km* drægni kemur þér glæsilega á alla daglega áfangastaði og í langferðirnar líka. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu þessum frábæru bílum.



Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

Hopp fær 381 milljón til vaxtar erlendis

Nýta á fjármagnið til að bjóða upp á Hopp-sérleyfi á erlend-um mörkuðum. Einkum er horft til þess að opna á fleiri stöðum á Spáni ásamt tækifærum á Ítalíu og í Póllandi.

helgivifill@frettabladid.is

Rafskútufyrirtækið Hopp hefur fengið 381 milljónar króna fjármögnun frá Brunni vaxtarsjóði II. Nýta á fjármagnið til að bjóða upp á Hopp-sérleyfi (e. franchise) á erlendum mörkuðum. „Markaðs-svæðin sem við horfum til eru bæir og borgir þar sem fjöldi íbúa er frá 20 þúsundum til rúmlega 200 þúsunda. Stefnt er að því að opna á 100 stöðum á næstu tveimur árum í samstarfi við heimamenn. Við ætlum að gera það sama fyrir rafskútur og McDonalds gerði fyrir hamborgara með sérleyfum,“ segir Eypór Máni Steinarsson, framkvæmdastjóri Hopp. Einkum sé horft til þess að opna á fleiri stöðum á Spáni ásamt til tækifæra á Ítalíu og í Póllandi. „Þar erum við með góð tengsl.“

Hann útskýrir að Hopp sé í raun tæknifyrirtæki sem leggi höfuð-áherslu á að þróa hugbúnað og skapa umgjörð sem tryggi arðbæran rekstur í sátt og samlyndi við samfélagið og umhverfið. Fyrirtækið eigi ekki rafskútur en sé í samstarfi við tólf rekstraraðila í þremur löndum: á Íslandi, Spáni og í Færeyjum. Flestir rekstraraðilarnir séu á Íslandi, eða níu, en þeir eru meðal annars í Reykjavík, Akureyri og á Egilsstöðum. Hopp var stofnað af eigendum hugbúnaðarhússins Aranja. „Stofnendurnir Ægir Giraldo Þorsteinsson, Eiríkur Heiðar Nilsson og Ragnar Þór Valgeirsson hafa meðal annars starfað fyrir Google, Facebook og Stanford-háskóla. Þeir vildu bjóða upp á fleiri vistvæna valkosti í samgöngum til að draga úr



Eypór Máni Steinarsson segir að Hopp sé í raun tækni-fyrirtæki sem leggi áherslu á hugbúnaðarþróun og að skapa umgjörð um reksturinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á meðal þriggja efstu á Google

„Við þurfum að finna nýstárlegar leiðir til að nálgast mögulega sérleyfishafa (e. franchise) fyrir Hopp,“ segir Eypór Máni. „Þegar leitað er eftir því að reka rafskútuleigu á Google erum við nánast hvar sem er í heiminum efst eða á meðal þriggja efstu,“ segir hann.

Heimamenn skipti úr bílferðum fyrir rafskútur

„Við viljum virkja heimamenn til að skipta út bílferðum fyrir ferðir á rafskútum. Það eru um 40 prósent ferða í Reykjavík sem farin eru á bíl sem eru innan við þrír kílómetrar. Okkar markmið er að þær ferðir verði farnar í ríkari mæli á Hoppi. Í minni bæjarfélögum má ímynda sér að hlutfall styttri ferða sé enn hærra. Með þessu móti má hafa góð áhrif á um-

hverfið,“ segir Eypór Máni.

Hopp var opnað fyrir tveimur árum og einum mánuði. Á þeim tíma hafa verið farnar yfir tvær milljónir ferða með Hopp, samanlagt 3,5 milljónir kílómetra.

Eypór Máni segir að heimamenn hafi farið um 80 prósent ferðanna en hann gerir ráð fyrir að hlutfall ferðamanna muni aukast samhliða vaxandi ferðamannastraumi.

um 25 þúsund,“ segir Eypór Máni. Hann segir að markaðurinn hafi kallað eftir því að bjóða upp á sérleyfi í rafskútum. „Árangur rekstrarins í Reykjavík vakti mikla eftirtekt og leitað var til okkar í von um að geta leikið þetta eftir á öðrum markaðssvæðum. Þannig fæddist hugmyndin að bjóða upp á sérleyfi. Fyrsti sérleyfishafinn er á Spáni en fyrirtækið er í eigu Sigurþórs Sigurðarsonar og er með starfsemi rétt sunnan við Torrevieja. Leigan byrjaði með 70 rafskútur síðastliðið sumar en við árslok verða þær orðnar 300.“

Eypór Máni segir að vandi rafskútuleiga alþjóðlega sé sá að ýmsir hafi horft til þess að græða hratt á ferðamönnum með því að bjóða upp á fjölda lélegra rafskúta á háu verði í borgum sem séu vinsælir ferðamannastaðir. Það hafi leitt til mikillar óánægju með rafskútur í borgunum.

”

Við ætlum að gera það sama fyrir rafskútur og McDonalds gerði fyrir hamborgara með sérleyfum.

„Þessi nálgun er ósjálfbær. Við bjóðum lægra verð en keppinautar og bjóðum upp á góðar rafskútur með það fyrir augum að höfða til heimafólks. Það er mikilvægt að hafa heimafólk með sér í liði til að skapa sátt um rafskútur og það eykur notkunina. Rafskúturnar eru mikið notaðar og farartækin eru af mjög góðum gæðum. Það er mun umhverfisvænna að kaupa góð hjól í stað þess að vera í sífellu að kaupa ný og farga þeim gömlu. Við reiknum með að hjólin dugi í um þrjú ár, mögulega lengur. Þetta eru ný tæki og reynslan mun leiða raunverulegan endingartíma í ljós,“ segir hann. ■

Bók um spaugilegu hliðar fjármála

magdalena@frettabladid.is

Bókin Peningar eftir Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóra greiningar hjá Íslandsbanka, kom út síðastliðinn föstudag. Bókin varpar ljósi á áhugaverðar og spaugilegar hliðar fjármála og er bókinni skipt upp í kafla þar sem ýmis atriði eru tekin fyrir í fjármálalegu samhengi.

„Ég myndi segja að bókin spanni það vítt svið að hún ætti að henta flestum ef ekki öllum,“ segir Björn Berg um nýútkomna bók sína. „Ég fjalla um fjármálahliðar áhugamála fólks og inn á milli er að finna praktísk atriði. Meðal umfjöllunarefna bókarinnar eru tíska, tölvuleikir, fyrirtækjarekstur, sala á leikmunum, saga Disney og almennar upplýsingar um peninga. Þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Björn og bætir við að vegna þessa sé bókin tilvalin í jólapakkann.



Björn Berg Gunnarsson.

„Bókin er skrifuð á léttu nótunum og er til gamans og skemmtunar þó auðvitað sé að finna fróðleik inn á milli. Henni er fyrst og fremst ætlað að vekja áhuga, vera skemmtileg og sannfæra fólk að peningar og fjármál séu þrátt fyrir allt áhugaverð.“ ■

Fermetrum Arion banka fækkað um átta þúsund

helgivifill@frettabladid.is

Fermetrum í starfsemi Arion banka hefur fækkað um átta þúsund á árinu, úr tæplega 25 þúsund í rúmlega 16 þúsund. Þetta segir Benedikt Gíslason bankastjóri í samtali við Markaðinn.

„Á undanförunum árum hefur fjármálaþjónusta verið að breytast. Viðskiptavinir kjósa í æ ríkari mæli að sinna sínum fjármálum í gegnum stafrænar þjónustuleiðir eins og sést á miklum vinsældum appsins okkar. Þetta felur auðvitað í sér að dregið hefur úr eftirspurn eftir þjónustu í útibúum bankans. Í dag eru 99 prósent snertingar okkar við viðskiptavinina í gegnum stafrænar leiðir enda er stöðugt hægt að sinna fleiri þáttum fjármála í appinu, nú síðast bættum við lifeyrismálum og verðbréfa- og sjóðaviðskiptum í appið,“ segir hann.



Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Benedikt segir að samhliða hafi bankinn náð að draga verulega úr þeim fermetrum sem fara undir starfseminna. Á þessu ári var öll starfsemin flutt úr Borgartúni 18 yfir götuna í höfuðstöðvar bankans í Borgartúni 19. „Við breyttum einnig þjónustu okkar í Kringlunni og erum ekki lengur með afgreiðslu þar heldur alhliða hraðbanka þar sem hægt er að millifæra, leggja inn og

”

Í dag eru 99 prósent snertingar okkar við viðskiptavinina í gegnum stafrænar leiðir.

taka út seðla, enduropana PIN, taka út gjaldeyri og greiða reikninga.

Að auki seldum við á árinu hús-næði okkar í Borgarnesi sem var einfaldlega of stórt fyrir okkar starfsemi þar og við það minnkaði hús-næði okkar í Borgarnesi um eitt þúsund fermetra. Að auki höfum við á þessu ári sameinað starfsemi nokkurra útibúa á landsbyggðinni,“ segir hann. ■

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

03 | 11

MIDVIKUDAGUR
KL. 20:00

GRÆNA RÖÐIN

- John Dowland

If My Complaints Could Passions Move
- Benjamin Britten

Lachrymae
- Thomas Adès

Les Amusements úr
Three Studies from Couperin
- Maurice Ravel

La Valse

- Hljómsveitarstjóri

Eva Ollikainen
- Einleikari

Bórunn Ósk Marinósdóttir
- Einsöngvari

Benedikt Kristjánsson
- Kynnir

Halla Oddný Magnúsdóttir

Sinfóníutónleikar í beinni útsendingu


Tónleikar Grænu raðarinnar hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands eru nú með nýju sniði. Tónleikarnir eru um klukkustund án hlés og með kynningum af sviði. Að þessu sinni bera tónleikarnir yfirskriftina Töfrar fortíðar enda getur tónlist fortíðarinnar orðið samtímanum innblástur með ýmsu móti. Flutt verða ný og gömul verk sem tengjast með óvæntum hætti.

Græna röðin er tilvalin fyrir nýja hlustendur jafnt sem lengra komna.

Fáið ykkur sæti á **sinfonia.is** eða í sófanum heima því tónleikarnir verða í beinni sjónvarpsútsendingu.



KONTOR REYKJAVÍK



Miðasala
sinfonia.is
harpa.is

Sími
528 5050

Skoðun

Helgi Vifill
Júlíusson

Ljósleiðarinn

Borgarfulltrúar sem sitja í meiri-hluta og ædstu stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur ættu að grípa tækifærið og bjóða dótturfélagið Ljósleiðarann, áður Gagnaveitu Reykjavíkur, til sölu í ljósi þess að erlendir fjárfestar eru reiðubúnir til að greiða gott verð fyrir keppinautinn Mílu.

Æskilegt væri ef Reykjavík, stærsti hluthafi Orkuveitunnar, myndi nýta fjármagnið til að grynna á skuldum sem hafa farið vaxandi um árabíl, sama hvernig viðrar í efnahagslífinu. Borgin stóð höllum fæti þegar Covid-19 heimsfaraldurinn reið yfir og glímir við verulegan hallarekstur.

Míla verður mun skæðari keppinautur eftir að eignarhaldið hefur verið skilið frá Símanum. Annars vegar er stefnt að því að Míla auki fjárfestingar í rekstri umtalsvert á næstu árum með nýjum eigendum í fararbroddi. Það ætti að hafa í för með sér að fleiri horfi til þess að eiga í viðskiptum við fyrirtækið. Hins vegar mun helstu keppinautum Símans, Vodafone og Nova, hugnast betur samstarf við Mílu þegar fyrirtækið er ekki í eigu samkeppnisaðila. Þessir þættir gera eignarhald Orkuveitu Reykjavíkur á Ljósleiðaranum áhættusamari eftir sölu á Mílu, það er að segja, hætta er á að hópur viðskiptavina fyrirtækisins færi sig til keppinautar. Borgarbúar og aðrir skattgreiðendur sem standa að baki Orkuveitunni eiga ekki að axla þá fjárhagslegu áhættu. Það eru engin haldbær rök fyrir því að hið opinberi eigi fjarskiptafélag í samkeppni við einkaaðila. Aftur á móti eru góð rök fyrir sölu á fyrirtækinu.

Ef það tekst að fá tvo erlenda innviðasjóði að fjarskiptafyrirtækjum, eins og í tilvikum Mílu, væri það mikill akkur fyrir Ísland. Hingað myndi streyma aukin fagþekking, fjármagn og áhættu yrði dreift á fleiri herðar. Erlend fjárfesting skiptir lítið einsleit hagkerfi miklu máli og stuðlar að hagvexti, stöðugleika og aukinni framleiðni. ■

Aukin fjölbreytni í fjárfestingum

Á Íslandi hefur erlendum fjárfestingaverkefnum fjölgað undanfarið og eru verkefnið sífellt að verða fjölbreyttari. Þá hefur erlend fjárfesting í hugverkaíðnaði og ferðaþjónustu færst í aukana.

magdalena@frettabladid.is

Erlendum fjárfestingaverkefnum hér á landi hefur fjölgað á undanförunum misserum og þau orðið sífellt fjölbreyttari. Þetta segir Arnar Guðmundsson, fagstjóri fjárfestinga hjá Íslandsstofu.

„Þróunin undanfarin ár hefur verið á þann veg að fjölbreytnin hefur aukist. Auðvitað hægði Covid-19 faraldurinn á þessari þróun en við höfum samt sem áður séð aukningu á síðustu árum,“ segir Arnar og bætir við að erlendir fjárfestingar hafi fært sig inn á fleiri svið að undanförunu.

„Í upphafi voru erlendir fjárfestingar aðeins í tengslum við stök verkefni og fyrst og fremst orkuháð. Síðan þegar fram liða stundir þá fer erlenda fjárfestingin að leita inn á fleiri svið. Til að mynda þegar DeCode kom til sögunnar og kalkþörungaverksmiðjan á Bildudal, þá er hún komin í líftæknivísindin. Síðan koma gagnaverin í upplýsingatækninni og fjárfestingarverkefni í ferðaþjónustunni. Fyrir nokkrum árum fórum við að sjá stórar erlendir fjárfestingar inn í hótelveirann, bæði KEA-hótelin, Icelandair Hotel, Deplar og Höfði Lodge við Grenivík. Einnig höfum við séð aukningu á erlendri fjárfestingu inn í afþreyingartengda ferðaþjónustu eins og FlyOver Iceland og SkyLagoon. Þar að auki hafa okkar flottu íslensku hugvits- og þekkingarfyrirtæki sótt stóraukið fjármagn. Þetta er dæmi um það helsta sem hefur verið að gerast á undanförunum árum. En það sem við sjáum núna með fjárfestingu Ardian í Mílu er risastór innviðafjárfesting og áhugavert að fylgjast með hvort slíkar fjárfestingar muni færast í aukana á komandi misserum.“

Aðspurður hvernig hann telji að þróun erlendra fjárfestinga á Íslandi munu verða á komandi misserum segir Arnar að afspurn af verkefnum sem gangi vel hér á landi yti undir áhugann hjá öðrum á sömu sviðum.

„Við sáum að þegar fyrsta kísiljárnverkefnið fór af stað á Íslandi þá greinilega hringja bjöllur í stjórnarherbergjum annarra aðila í sömu grein. Þá fórum við að fá fyrirspurnir þrátt fyrir að við höfum aldrei lagt áherslu á að markaðssetja Ísland fyrir kísiljárn, þetta bara gerðist. Fyrsta verkefnið byrjar og



Arnar segir að í upphafi hafi erlendir fjárfestingar aðeins verið í tengslum við stök verkefni og fyrst og fremst orkuháð. Síðan þegar fram liða stundir þá fer erlenda fjárfestingin að leita inn á fleiri svið.

Undir stjórnvöldum komið hvort fjárfesting færist í aukana

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir það vera undir stjórnvöldum komið hvort bein erlend fjárfesting muni aukast á komandi misserum. „Það er undir nýrri ríkisstjórn komið að skapa hagfelld skilyrði fyrir erlenda fjárfestingu hér á landi. Það er engum blöðum um það að fletta að tækifærin eru til staðar en það þarf að sækja þau,“ segir hann og bætir við að það muni ekki gerast nema stjórnvöld séu virkir þátttakendur í því. „Við höfum til að mynda séð stórfyrirtæki eins og Google og Microsoft fjárfesta í uppbyggingu í Svíþjóð og Danmörku fyrir mjög stórar fjárhæðir sem

styrkir upplýsingatækniiðnaðinn í þeim löndum. Við myndum vilja sjá að ný ríkisstjórn setji þessi mál á oddinn því þetta myndi leiða til enn meiri fjölbreytni í atvinnuuppbyggingu, vexti og verðmæta-sköpun.“

Hann segir jafnframt að fjárfestar leiti þangað sem tækifæri eru til staðar og ekki óþarflega mikið flækjustig. „Mörg ríki vilja laða til sín fjárfestingu en það er þannig að fjárfestar leita fyrst þangað sem þeir eru velkomnir. Þess vegna skiptir máli að stjórnvöld sendi skýr skilaboð um að svona uppbygging sé velkomin hér á landi.“

Stærstu erlendu fjárfestingarnar á umliðnum árum

Ár		í milljónum evra á verðlagi 2021
2021	Míla Ardian kaupir Mílu af Símanum	519,1
2015	Promens Keypt af RPC Group (LON)	406,69
2018	CCP Keypt af Pearl Abyss	377,78
2012	DeCode Genetics Keypt af Amgen	349
2021	Verne Global Keypt af Digital9	270,6
2010	Rio Tinto Alcan Fjárfesting í uppbyggingu	298
2019	HS Orka Ancala Partners kaupir 50%	251,5
2018	PCC Bakka Kísilmálmverksmiðja	233,8
2008	Verne Holdings Stofnun gagnavers - áætluð upphaflega fjárfestingin	237
2021	Arctic Green Government of Singapore Investment Corporation (GIC)	202,77

Tölur fengnar frá Íslandsstofu. Áætlaðar tölur.

þá kviknar áhugi hjá öðrum aðilum. Þeir fara að velta fyrir sér hvað sé að gerast á Íslandi fyrst keppinautar eru að skoða það,“ segir Arnar og bætir við að það sama hafi verið upp á teningnum með gagnaverin og ferðaþjónustuna.

„Ég tel líka að áhugi á Íslandi sem áfangastaðar fyrir ferðamenn og sú markaðssetning í kringum það hafi komið Íslandi á kortið og gert það að verkum að fjárfestar sækja hingað. Að undanförunu hafa erlendir innviðafjárfestar keypt bæði Verne

Global gagnaverið og gagnaver Borealis á Blönduósi og Fitjum. Svo er nýjasta dæmið fjárfestingin í Mílu. Þannig að ef við tökum mið af þessu er spurning hvort aukinn áhugi verði á innviðafjárfestingu hér á landi á næstunni.

Við erum ekki með bolmagn til að vera í almennt markaðsherferð en við höfum lagt áherslu á sjálfbærar fjárfestingar. Einnig hefur verið í forgangi hjá okkur að líta til gagnavera, uppbyggingar ferðaþjónustunnar og hjálpa fyrirtækjum í þekkingargeir-

anum að vaxa. Þá er mjög vaxandi þungi í eflingu hringrásarhagkerfisins og fullnýtingar jarðvarma.“

Arnar bætir við að það sé hlutverk löggjafans að setja lagarammann í kringum slíkar fjárfestingar.

„Við erum að horfa á beina erlenda fjárfestingu og þá skiptir miklu máli að halda því til haga að erlendir fjárfestar eru að koma hingað inn í sömu kröfur og sama regluverk og gildir fyrir íslenska fjárfesta. Þannig að öll umræða um hvar fólk vill hafa erlenda fjárfestingu og hvar ekki er eitthvað sem löggjafinn svarar. Þegar ramminn hefur verið settur þá nær hann yfir alla. Það er ekkert sem innlendir fjárfestar geta gert sem erlendir fjárfestar geta ekki gert. Þannig að almannahagsmunir hljóta að vera varðir með lögum og reglum. Almennt er það þannig að fjárfestar kippa sér ekkert upp við að þeim sé settur rammi eða gerðar séu til þeirra kröfur en það sem skiptir mestu máli er að það sé ljóst fyrir fram að hverju er gengið. Það er í raun stöðugleikinn sem skiptir mestu máli.“ ■



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Kynntu þér árangur og úrval í sjóða á [WWW.IV.IS](http://www.iv.is)

— síðan 1987 —

Metur Icelandair yfir markaðsgengi

magdalena@frettabladid.is

Jakobsson Capital metur gengi Icelandair á 2,59 krónur á hlut sem er 49 prósentum yfir núverandi markaðsgengi félagsins sem stendur í 1,74 krónum á hlut. Þetta kemur fram í nýútgefnu verðmati Jakobsson Capital. Þar segir jafnframt að ansi langt sé í land að fjöldi ferðamanna og ferðamannastraumur verði sá sami og fyrir Covid.

„Jakobsson Capital þykir flugmenn ansi bjartsýnir fyrir næsta ár. Tekjur Icelandair á þriðja ársfjórðungi námu 257,5 milljónum dollara samanborið við 103,6 milljónir dollara á sama tíma árið áður. Tekjur af flugi nærri fjórfölduðust. Á meðan aðrar tekjur og tekjur af flugvélaaleigu jukust óverulega samantlagt. Tekjur Icelandair á öðrum ársfjórðungi námu 77,5 milljónum dollara og nærri þrefölduðust milli



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair

ársfjórðunga,“ segir í verðmatinu.

Jafnframt segir að mikill niðurskurður hafi verið hjá Icelandair á síðasta ári og niðurskurður á flestum kostnaðarliðum. „Það kemur sér vel nú en verð olíu á heimsmarkaði hefur hækkað um 60 prósent frá ársbyrjun. Þess má geta að Icelandair er með eldsneytisvarnir, auk þess sem nýjar Boeing Max-vélar eru mun sparneytnari en eldri vélar.“

Þá kemur fram að viðsendingar séu um að vertiðin fram að jólum verði góð en tekjurnar verði þó ekki jafnháar og í sumar. „Fjárhæð seldra

en ónotaðra flugmiða nam 123 milljónum dollara í lok þriðja ársfjórðungs samanborið við 168 milljónir í lok annars ársfjórðungs. Tekjuáætlun hefur verið hækkuð verulega fyrir árið í ár. Í þessu samhengi má ekki gleyma að fraktflutningar hafa verið með besta móti og allt útlit fyrir áframhaldandi tekjuvöxt þar næstu mánuði.“

Jakobsson Capital gerir því ráð fyrir að tekjur Icelandair verði 625,5 milljónir dollara árið 2021 samanborið 433,6 milljónir dollara árið 2020. Eldri spá gerði ráð fyrir um 500 milljóna dollara tekjum í ár.

„Samfara því að tekjuspá og tekjugrundvöllur Icelandair er allt annar en fyrir aðeins nokkrum mánuðum síðan næst betra rekstrarkostnaðarhlutfall (EBIT-hlutfall). Það er gert ráð fyrir því að það verði neikvætt um 18,6 prósent og að rekstrartap (EBIT) verði 116,3 milljónir.“ ■

Hlakkar mikið til að fara á skíði

Svipmynd

Rakel Eva Sævarsdóttir

Nám: Meistaragráða í nýsköpun og frumkvöðlafræðum. BSc.-gráða í hagfræði.

Störf: Sjálfbarnisérfræðingur hjá Marel. Fjármálaráðgjöf hjá Deloitte. Sérfræðingur í skuldafréfum hjá Stefni.

Rakel Eva Sævarsdóttir tók nýverið við starfi forstöðumanns sjálfbærni- og samfélagsábyrgðar hjá flugfélaginu Play.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mín helstu áhugamál eru útivera með fjölskyldunni eða vinum. Mér líður best þegar ég er einhvers staðar úti að hamast í fallegu umhverfi. Það getur verið að hjóla með krökkunum, að hlaupa utanvega í náttúrunni, hjóla með mannum mínum, röltu um sveitina okkar fyrir austan eða á November Project-æfingu.

Ég hef líka mikla unun af því að ferðast, hvort sem það er innanlands um okkar fallega land eða erlendis. Þegar ég er erlendis er algjört lykiliatriði að fara á bestu veitingastaðina og borða góðan mat, svo eru hlaupaskórnir alltaf með í för. Að skoða umhverfi sem maður er gestur í, á hlaupum að morgni áður en allt fer af stað, er einstakt.

Góður matur er líka klárlega áhugamál en ég er einstaklega heppin að vera gift áhugakokki sem hefur mikla unun af því að gefa fjölskyldu og vinum að borða góðan mat.

Hver eru helstu verkefnin fram undan?

Helstu verkefnin fram undan eru að koma mér inn í starfið sem forstöðumaður sjálfbærni og samfélagsábyrgðar hjá PLAY og hlakka ég gríðarlega mikið til þeirrar vegferðar. Að sökkva mér ofan í fluggeirann og kynnast öllu því frábæra fólki sem starfar hjá félaginu.

Fram undan er „næstum“ stóraf-



Rakel Eva segir að hún hafi gaman af útivist og samveru með fjölskyldu og vinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

”

Mörg íslensk fyrirtæki eru að gera góða hluti í dag á meðan önnur þurfa að taka sjálfbærni mun fastari tókum.

mæli hjá mér og ætla ég að fagna því vel að verða árinu eldri, að vera hress, heilbrigð og kát.

Það stýttist í snjóinn sem ég elska, og ég get ekki beðið eftir að fara á skíði! Ég vona að veturinn verði okkur skíðafólki hliðhollur.

Annars nýt ég hversdagsins í botn og hlakka til að eiga marga góða mánudaga sem og helgardaga með fjölskyldunni og vinum.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ef ég gæti valið hvað sem er þá væri ég eflaust að hlaupa og leiðsegja fólki um okkar fallega land. Eða reka sælkeraveitingastað í hjarta vesturbæjar Reykjavíkur. Eða jafnvel grænmetisbóndi á Vopnafirði sem nýtir nýjustu tækni við að rækta grænmeti á köldu svæði ætlað til útflutnings. Það er hægt að gera svo margt!

Hvernig er Ísland stutt þegar kemur að sjálfbærni?

Mörg íslensk fyrirtæki eru að gera góða hluti í dag á meðan önnur þurfa að taka sjálfbærni mun fastari tókum. Vitundarvakning meðal stjórnenda er að aukast, sér í lagi þegar fyrirtæki eru farin að finna auknar kröfur frá viðskiptavinum og starfsfólki um hvernig þau taka á sjálfbærnitengdum málum.

Í janúar síðastliðnum birti Festa niðurstöður könnunar sem gerð var meðal allra formanna, varaformanna og framkvæmdastjóra Festu til dagsins í dag og fulltrúa þeirra sex fyrirtækja sem stofnuðu Festu árið 2011. Niðurstaðan var sú, að í samanburði við lönd sem

við gjarnan berum okkur saman við, fær Ísland 5,5 í einkunn. Ég hef þó fulla trú á því að við munum sjá þessa einkunn hækka á komandi árum þar sem fyrirtæki með sjálfbærni sem hluta af viðskiptamódeli sínu og sem áhrifaþátt í stefnumarkandi ákvarðanatöku munu ná samkeppnisforskoti.

Við þurfum þó að sjá mjög mikilvægar kerfislegar breytingar eiga sér stað. Eins og kröfur og eftirfylgni frá ársreikningaskrá um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga í ársreikningi fyrirtækja.

Það er þó mín skoðun að fyrirtæki munu aðeins ná árangri ef þau eru með réttu leiðtogana innanborðs, sem þora og trúá því að sjálfbærni er lykiliatriði í rekstri og stuðli að langtíma árangri fyrirtækja.

Sama má segja um Ísland og hverjar framtíðaráherslur landsins verða. Það verður spennandi að sjá hvernig það mun skýrast með myndun nýrrar ríkisstjórnar.

Með réttu leiðtogunum er allt hægt! Ég er allavega bjartsýn! ■



Þór Sigfússon, stjórnarformaður Sjávarklasans.

Nýting á þorski verður sífellt betri

magdalena@frettabladid.is

Nýting á þorski hér á landi er um 90 prósent sem er nýting sem sögð er á heimsælikvarða. Þetta er meðal þess sem fram kemur í greiningu frá Sjávarklasnum sem birt var í lok október. Í greiningunni segir jafnframt að íslenskur sjávarútvegur hafi um árabíl verið í forystu í nýtingu hliðarafurða á hvítfiski í heiminum. „Verulega hallar á þau lönd sem við berum okkur saman við þegar kemur að nýtingu hliðarafurða. Þó má merkja vaxandi áhuga margra erlendra fyrirtækja á vinnslu hliðarafurða og mörg þeirra sýna áhuga á að læra af Íslendingum í þessum efnum,“ segir í greiningunni.

Einnig kemur fram að mikil aukning hafi verið í nýtingu þorsks á undanföllum árum.

„Skýringin á aukningunni er án efa hækkandi verð á mörgum hliðarafurðum og aukinn áhugi fyrir vinnslu hliðarafurða. Þá hefur verið afar þýðingarmikið að stærri fyrirtæki, sem þjónað hafa sjávarútvegi með umsýslu með hliðarafurðir, hafa aukið afkastagetu sína.“

Jafnframt segir að samkvæmt athugun Sjávarklasans haldi Íslendingar forystu í nýtingu en þó séu enn veruleg tækifæri til að vinna meira úr hliðarafurðum og skapa verðmæti og ný störf. Þá hefur nýting hliðarafurða verið lítil í þeim löndum sem við berum okkur saman við, eða aðeins um 45-55 prósent af hvítfiski. „Þarna er um veruleg verðmæti að ræða sem fara í súginn hjá öðrum þjóðum.“ ■

Próteinverksmiðjur Héðins verið seldar til útlanda fyrir sex milljarða

helgivifill@frettabladid.is

Próteinverksmiðja frá Héðni er um borð í einum fullkomnasta verksmiðjutogara Bandaríkjanna, North Star, sem hélt til veiða í fyrsta skipti nú í haust en skipið er gert út frá Seattle. Verksmiðjan kallast HPP Protein Plant og er íslensk hönnun og smíði. Á undanföllum árum hefur Héðinn selt ýmsar útgáfur af HPP til sjö landa utan Íslands. Nema útflutningsverðmætin samtals um 40 milljónum evra, eða um sex milljörðum króna. Vinnslugeta verksmiðjanna er frá 10 til 400 tonn um dag.

„HPP próteinverksmiðjan er hönnun sem var í þróun hjá Héðni í um tíu ár en prótótýpan var sett í gang 2017 í Sólberg ÓF-1 frá Ramma hf. Þetta er ansi merkilegt dæmi þar sem kemur saman íslenskt verkvit og hugvit í hátæknigeira,“ segir Pétur Jakob Pétursson, sölustjóri hjá HPP Solutions, dótturfélagi Héðins.

Pétur útskýrir að styrkleikar HPP próteinverksmiðjunnar liggja í því að hún tekur að minnsta kosti 30 prósent minna pláss, er með 30 prósent færri íhlutum og eyðir 30 pró-



Próteinverksmiðja Héðins er 30 prósent minni en venja er. MYND/ADSEND

sent minni orku en hefðbundnar fiskimjölsverksmiðjur.

„Þetta er mun nettari hönnun en helstu keppinautarnir. Í hefðbundinni fiskimjölsverksmiðju eru 21 aðalhlutar og orka er sett inn á átta stöðum. Í HPP verksmiðjunni eru aftur á móti sjö aðalhlutar og orka er sett inn á tveimur stöðum,“ segir Pétur.

Pétur bendir á að þar sem HPP verksmiðja er um borð í skipum fari ekki arða af afla í sjóinn. „Við erum

að tala um 100 prósent nýtingu á fiskinum. Það, sem áður var hent, verður að miklum verðmætum. Þannig er hægt að auka próteinframleiðslu án meiri veiða. Það er eitt stærsta umhverfismál okkar tíma hvernig mannkyn stendur að próteinframleiðslu án þess að ganga frekar á náttúruna. Með því að fullnýta aflann sýnum við virðingu fyrir náttúruauðlindinni og umhverfinu en skilum um leið verðmætari afurðum.“ ■

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Fastari tök



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Pótt loftslagsráðstefnan í Glasgow sé nýhafin og muni standa til 12. nóvember eru væntingarnar strax farnar að dala. Enginn skortur hefur verið á yfirlýsingum um að tími yfirlýsinga sé liðinn og grípa þurfi til róttækra aðgerða strax.

Engu að síður valda áætlanir ráðamanna einstakra ríkja vonbrigðum. Margir grípa til þess að benda á mestu sóðana sem láta ekki einu sinni sjá sig á ráðstefnunni. Þeir beri mesta ábyrgð og árangri verði ekki náð án þeirra. Sjálfir benda þeir á að hinir ríkari eigi að hjálpa þeim fátækari.

Helstu markmið ráðstefnunnar er að minnka útblástur mengandi efna um helming fyrir lok áratugarins, ná kolefnishlutleysi fyrir miðja öld og tryggja að hitastig jarðarinnar hækki ekki umfram 1,5 gráður.

Kína stefnir á kolefnishlutleysi árið 2060 og Indland árið 2070. Hvorugt ríkjanna skilar inn tímasettum skammtímamarkmiðum um losun en biðla bæði til ríkari landa að hjálpa þeim fátækari að takast á við vandamálið.

Rússar láta ekki sjá sig.

Íslendingar hafa yfirleitt verið boðberar friðar og diplómatiskra lausna á alþjóðlegum vandamálum og það hefur verið mál manna hingað til að best verði tekist á við loftslagsvána með öflugri samvinnu ríkja heims. En hvernig á að haga þeirri samvinnu þegar stærstu gerendurnir vilja ekki taka þátt? Hvers virði er stjórnmálasamband við Rússland? Við seljum þeim vissulega fisk og mörg ríki heims eiga líka mikið undir viðskiptum við Rússa. Það sama gildir vissulega um Kína. En er sambandið þess virði að horfa upp á tortímingu jarðarinnar frekar en setja þeim stólinn fyrir dyrnar?

Ef þjóðarleiðtogar trúa sjálfir yfirlýsingum sínum um úrslitastund fyrir heimsbyggðina hljóta þeir að sjá að ekkert í veröldinni er okkur mikilvægara en hún sjálf. Og ef hún tortímist við það að Kína og Rússland haldi stöðu sinni sem stærstu mengunarvaldar heims, fer kannski að verða tímabært að endurskoða tilvist stjórnmálasambands við þau.

Fyrst hvorki Xi Jinping, forseti Kína, né Vladimir Pútín, forseti Rússlands, sjá ástæðu til að taka þátt í skipulagningu þjórgunar heimsins í Glasgow, geta aðrir þjóðarleiðtogar kannski notað tækifærið og endurskoðað í sameiningu stjórnmálasamband við þessi ríki. Vissulega er slík hugmynd klikkuð, en þegar öllu er á botninn hvolft hefur viðskipta-samband um fiskisölu ekkert upp á sig þegar við erum öll drukknud í bráðnuðum Grænlandsjökli. ■

”
Viðskipta-
samband
um fisk-
sölu hefur
ekkert
upp á sig
þegar við
erum öll
drukknuð
í bráðnuð-
um Græn-
landsjökli.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is
toti@frettabladid.is

Kata boomer

„Ungt fólk kallar á aðgerðir og við verðum að hlusta á þau.“ sagði Katrín Jakobsdóttir á loftslags-samkundunni í Glasgow. „Við verðum að uppfæra!“ Landsmóðirin virðist þó ekki hafa hitt í mark hjá ungu kynslóðinni, sem var skiljanlegt og fyrirsjáanlegt. „Ég er bara smá reiður ef ég á að vera hreinskilinn,“ sagði Finnur Ricart umhverfisunglamb eftir að hafa hlýtt á ræðuna. Sjálfsgagt hefur það ekkert með innihald hennar að gera, eða umhverfismál yfir höfuð, heldur þá ævafornu reglu að miðaldra fólk er og verður alltaf hallærislegt í augum ungdómsins. Jafnvel þó það fari í karate við Boris Johnson.

Brennu-heims saga

Enda greinilega kominn tími á uppfærslu á Boris Johnson sem sjálfum datt ekkert betra í hug í ræðu sinni en að vísa í kaldastríðshetjuna James Bond, sem hefur jafnan verið í það minnsta einni uppfærslu á eftir samtímanum í rúma hálfa öld. Johnson reyndi að ná tengingu með því að líkja heiminum við njósnaðan fræga föstum í einhverri dómsdagsvélinni sem fjendur hans hafa sniðið honum. Eitthvað sem eftirstriðsárabörn geta hæglega tengt við þannig að þarna missti Katrín af gullnu tækifæri til þess að lýsa heimsbyggðinni sem Skarphéðni í brennunni. ■

Fjárfest í framtíðinni



Þórdís Lóa
Þórhallsdóttir
formaður borgar-
ráðs og oddviti
Viðreisnar í
Reykjavík

Í gær lögðum við fram í fjórða sinn fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Við höfum áfram þá skýru langtímasýn að fjármál borgarinnar eigi að einkennast af sjálfbærni og varfærni. Hættan var að bregðast við Covid-vandanum einungis með niðurskurði og baklås og draga þannig úr þjónustu við íbúa Reykjavíkur.

Meirihlutinn í borginni kaus að fara aðra leið, sem byggir á því að efla þjónustuna og bæta, með hagsmuni borgarbúa í fyrirrúmi. Í fjárhagsáætlun næsta árs ætlum við sérstaklega að fjárfesta í grænum verk-efnum, skólum og velferð. Við ætlum að fjárfesta um 25 milljörðum í grænar fjárfestingar á öllum sviðum borgarinnar, til að stuðla að markmiði Reykjavíkurborgar um kolefnishlutleysi.

Fjárfesting í skólum

Við ætlum líka að fjárfesta í menntun barnanna okkar og unglinga. Við boðum stóratök í fjárfestingu í viðhaldi skólabygginga, í viðbyggingar og endurbætur á skólum, skólalóðum og mótuneytum skóla. Við höfum séð hversu alvarlegt það er að safna upp viðhaldsskuld og þangað viljum við ekki stefna. Við ætlum að verja 4 milljörðum í að fjölga leikskóla-deildum, til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistunar fyrir enn fleiri börn og í þeim hverfum þar sem biðlistar eru lengstir. Við ætlum að fjárfesta í tölvum og stafrænni tækni fyrir leikskóla, grunn-skóla og frístund. Við ætlum í stafræna umbreytingu á innritun í leikskóla og frístund barna og í umsókn um skólaþjónustu, á forsendum notenda.

Við ætlum líka að setja 1,5 milljarða í rekstur grunn-skóla, sem er sú upphæð sem nýtt úthlutunarlíkan grunnskóla Reykjavíkur segir að þurfi til að fullfjármagna grunnskólana okkar. Með úthlutunarlíkaninu munu skólastjórnendur fá aukið faglegt frelsi, og ábyrgð til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda með teymisstarfi fagfólks á sviðum velferðar, heilbrigðis og skóla. Þannig verður þörfum hvers skóla og skólaumhverfis betur mætt og dregið er úr aðstöðumun á milli skóla. ■

”
Við höfum
áfram þá
skýru lang-
tímasýn
að fjármál
borgarinn-
ar eigi að
einkennast
af sjálf-
bærni og
varfærni.

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM**
með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og
skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Grípa þarf til tafarlausra aðgerða



Ólafur Grétar Gunnarsson
fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

Í ávarpi sínu á þinginu um norður-slóðir lagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ríka áherslu á að við verðum að grípa til tafarlausra aðgerða í baráttunni gegn loft-

lagsbreytingum. Og flestöll erum við hjartanlega sammála þessum orðum.

En ég hlýt hins vegar að viðurkenna að ég bið álíka spennur eftir því að Katrín jafnréttisráðherra gripi til tafarlausra aðgerða í þágu jafnréttisfræðslu.

Ég hef um langt skeið beitt mér fyrir fræðslu í skólakerfinu sem gefur innsýn í umönnun ungbarna og undirbúningsfræðslu fyrir pör í barneignaferli. Hvort tveggja höfðar til fólks óháð kyni eða uppruna.

Ritstjórn tímarits Geðverndar-

félags Íslands birti eftirfarandi í tímariti sínu nýlega: „Í umræðu um foreldrahlutverk þarf að huga bæði að valdi og ábyrgð. Sú ábyrgð felur í sér að tryggja foreldrum, óháð kyni, fræðslu svo báðir hafi betri forsendur til að standa undir kröfum og áhrifavaldi foreldrahlutverksins. Með skipulagðri geðheilbrigðisþjónustu og fræðslu um foreldrahlutverk fyrir feður má draga úr einhliða ábyrgð, þunga umönnunar og upplendis á herðum mæðra.“

Á síðasta kjörtímabili Katrínar jafnréttisráðherra komu m.a. áköll

frá 1001 dags hópnum, Félagi leikskólakennara, Fyrstu fimm, UN Women á Íslandi, umboðsmanni barna, Vöggustofubörnum ásamt bókun Barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar.

En Covid-faraldurinn sýndi hins vegar að ef við stöndum frammi fyrir neyðarástandi þá getur allt breyst eins og hendi sé veifað. Við getum ekki aðeins markað nýja stefnu hratt og örugglega, heldur getur hugarfar fólks líka breyst í einu vefangi. Nú höfum við þá reynslu, notum okkur hana. Á sama tíma og ráðherra vill

– réttilega – að Ísland verði til fyrirmyndar í loftslagsaðgerðum þarflíka aðgerðir til að tryggja að íslensk börn séu ekki áfram í neðstu sætum Evrópu í námi – og færni í félagslífi.

Oft var þörf en nú er nauðsyn. Ef við leggjum ekki línurnar til aðgerða nú þegar er hætt við að það hafi neikvæð áhrif á alla almenningsþjónustu vegna aukins fjölda alvarlegra geðvandamála, bæði barna og fullorðna. Við þurfum tafarlausar aðgerðir. En eins og Olaf Palme, fyrrum forsætisráðherra Svía, sagði: Vilji er allt sem þarf. ■

Forgangsmálið í stjórnarmyndun



Jakob Frimann Magnússon
þingmaður Flokks fólksins

Sagt er að þolinmæði sé dyggð. Sú speki er þó ekki algild. Meðan unnið er í makindum að myndun nýrrar ríkisstjórnar biða hinir verst settu í samfélaginu í ofvæni eftir réttlætinu.

Það er sorglegt hve margir á Íslandi búa við sára fátækt. Þeirra á meðal er gamalt fólk sem er nauðugur einn kostur að velja á milli þess hvort það kaupir sér mat eða lífsnauðsynleg lyf, einstæðir foreldrar sem þurfa að vega og meta hvort þeir hafa efni á því að greiða orkureikninginn eða fara til tannlæknis og veikt fólk sem missir smám saman alla von í því kviksyndi fátæktarinnar sem íslenska kerfið er. Fórarlömb fátæktar eru líka börn sem hafa ekki fjárhagslegan stuðning foreldra til þess að stunda íþróttir eða sinna öðrum áhugamálum. Áætlað er að 10% íslenskra barna búi á heimilum þar sem tekjur eru undir lágtekjumörkum.

Flokkur fólksins telur það eðlilega kröfu að lágmarksframfærsla sé 350.000 krónur á mánuði, skatta- og skerðingalaust. Sem dæmi má nefna að neysluviðmið umboðsmanns skuldara gerir ráð fyrir því að barnlaus einstaklingur þurfi 180.000 kr. á mánuði til að greiða fyrir helstu grunnþarfir og að undanskildum húsnæðiskostnaði. Ef við gerum ráð fyrir hóflegum húsnæðiskostnaði og einnig tengdum útgjöldum, rafmagni, hita, húsjóði og tryggingum, má áætla að það þurfi að minnsta kosti 300.000 krónur í ráðstöfunartekjur til að ná endum saman. Slíkar tekjur duga samt ekki til að mæta óvæntum útgjöldum. Það er því nauðsynlegt að tryggja fólki 350.000 kr. lágmarksframfærslu.

Þau Katrín, Bjarni og Sigurður Ingi hljóta að taka undir kröfur Flokks fólksins um mannsæm- andi kjör allra Íslendinga. Framsókn boðaði heildarendurskoðun á málefnum öryrkja og eldri borgara í aðdraganda kosninganna og formaður VG sagði á sínum tíma: „Stjórnvöld eiga ekki að biðja fátækt fólki á Íslandi að biðja eftir réttlætinu.“


Formaður Sjálfstæðisflokksins tók undir það í umræðum á Alþingi síðasta vor að það væru „alltof margir sem ekki ná endum saman í íslensku samfélagi“.

Ég vona innilega að þessir ágætu flokksleiðtogar komi til liðs við Flokk fólksins og setji það í forgang að frelsa tugþúsundir landsmanna úr fjötrum fátæktar. ■



Merkisatburðir

- 1660** Kötlugos hefst og fylgja því miklir jarðskjálftar og jökulhlaup.
- 1796** John Adams sigrar Thomas Jefferson í forsetakosningum í Bandaríkjunum.
- 1849** Bandaríski rithöfundurinn **Edgar Allan Poe** sést í síðasta sinn ofurölvi í skurði í Baltimore.
- 1868** Ulysses S. Grant er kjörinn forseti Bandaríkjanna.
- 1903** Danakonungur samþykkir ákvörðun danska þingsins um heimastjórn á Íslandi.
- 1952** Bretar sprengja kjarnorkusprengju og verða þriðja kjarnorkuveldið.
- 1961** Skemmtistaðurinn Glaumbær er opnaður í Reykjavík.
- 1990** Þýska alþýðulýðveldið lagt niður og sameinað Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Þjóðhátíðardagur Þjóðverja.



1995 O.J. Simpson sýknaður af ákæru um að hafa myrt Nicole Brown Simpson og Ronald Goldman.

Kraftmikil kommúnistahjón

Saga Kristins E. Andréssonar og Þóru Vigfúsdóttur er rakin í nýrri bók Rósu Magnúsdóttur.

arnartomas@frettabladid.is

Rósa Magnúsdóttir, prófessor í sagnfræði við HÍ, gaf nýlega út bókina Kristinn og Þóra – Rauðir þræðir. Þar er saga hjónanna Kristins E. Andréssonar og Þóru Vigfúsdóttur rakin en þau unnu ötullega að uppbyggingu kommúnismans á Íslandi.

„Þetta var hugsjónafólk sem helgaði líf sitt félags- og upplýsingastarfi fyrir kommúnisma og tók þátt í að stofna mörg af helstu menningarfyrirtækjum íslenskra kommúnista og sósíalista,“ segir Rósa um hjónin og nefnir þar á meðal Heimskringlu, Íslenzku friðarnefndina, Félag byltingarsinnaðra höfunda og Prentsmiðjuna Hóla. „Allt eru þetta félög eða fyrirtæki sem þau komu að og þá eru ónefnd ótal útgáfurit, bækur og tímarit.“

Þóra og Kristinn gengu bæði til liðs við Kommúnistaflokk Íslands á fjórða áratugnum og voru gallharðir stuðningsmenn Stalíns og sovétkommúnismans ævina á enda. Bókin er meðal annars byggð á bréfum og dagbókum sem varpa jafnt ljósi á skoðanir þeirra og tíðarandann.

„Eins og aðrir kommúnistar urðu þau fyrir miklu áfalli árið 1939 þegar Sovétmenn réðust inn í Finnland og Þóra lýsir því einmitt mjög vel í dagbókum sínum hversu erfitt það var að vera kommúnisti í Reykjavík á þeim tíma,“ segir Rósa. „Henni leið eins og útlaga og þeim Kristni var ekki alltaf heilsað á götum Reykjavíkur á upphafsárum síðari heimsstyrjaldar.“

Síðar reyndist leyniræða Khrústsjovs árið 1956 þeim Þóru og Kristni þungbær og þeim fannst sérstaklega erfitt árið 1968, þegar Sovétmenn réðust inn í Prag og gagnrýnin á Sovétríkin kom líka frá félögum þeirra í Sósíalistaflokknum, sem þá var einmitt að liða undir lok. „Þau voru að mörgu leyti sérstök í hópi vestrænna kommúnista því að þau efuðust aldrei um ágæti Sovétríkjanna,“ segir Rósa.

Kalda stríðið heillar

Seint á síðustu öld skrifaði Rósa BA-ritgerð í sagnfræði um menningarstríð Sovétríkjanna og Bandaríkjanna á Íslandi á sjötta áratugnum og skoðaði þá meðal annars gögn MÍR, Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, en þar var Kristinn E. Andrésson í ábyrgðarhlutverki allt frá stofnun félagsins árið 1950. Síðar fór hún í doktorsnám til Bandaríkjanna þar sem hún lagði áfram áherslu á áróður og hugmyndafræði í kalda stríðinu.

„Ég hafði líka mikinn áhuga á persónulegum heimildum eins og dagbókum og bréfum og þegar ég að loknu námi komst í að skoða risastórt einkaskjalasafn Kristins og Þóru, sem er geymt á handritasafni Landsbókasafnsins, fannst mér alveg upplagt að segja sögu þeirra hjóna,“ segir Rósa.

Aðspurð um hvort eitthvað hafi komið á óvart við rannsókn bókarinnar nefnir hún hvað tengslin austur fyrir jarntjaldið hafi verið mikil og hversu sterka alþjóðlega sýn þau hjónin höfðu á stöðu sína og



Kristni og Þóru var ekki alltaf heilsað á götum Reykjavíkur á upphafsárum síðari heimsstyrjaldar.



Þetta var hugsjónafólk sem helgaði líf sitt félags- og upplýsingastarfi fyrir kommúnisma og tók þátt í að stofna mörg af helstu menningarfyrirtækjum íslenskra kommúnista og sósíalista.

Íslands innan kommúnistahreyfingarinnar.

„Þeim fannst til dæmis alveg sjálfsagt að leita endurtekið til Sovétmanna um fjárstuðning því þau sáu húsið á Laugavegi 18 sem lið í uppbyggingu kommúnismans á heimsvísu, ekki bara á Íslandi,“ segir Rósa. „Og svo fannst mér gaman að lesa um samkvæmislíf menningar-elítunnar í Reykjavík, þar fannst Þóru stundum óþarfa íburður og þrjál en hún skemmti sér þó alltaf mjög vel!“ ■



Í doktorsnámi sínu lagði Rósa áherslu á áróður og hugmyndafræði í kalda stríðinu.

MYNDIR/ÞSENDAR

Þetta gerðist: 3. nóvember 1961

Glaumbær opnaður við Frikirkjuveg

Veitingastaðurinn og skemmtistaðurinn Glaumbær var opnaður þann 3. nóvember við Frikirkjuveg 7. Húsið, sem hét Herðubreið, var lengi nýtt sem íshús þar til Framsóknarflokkurinn eignaðist það um miðjan sjötta áratuginn. Húsið gekk undir ýmsum nöfnum þar til félagarnir Ragnar Þórðarson og Theódór Ólafsson leigðu húsið allt og nefndu Glaumbæ.

Á daginn var Glaumbær rekinn sem veitingahús en á kvöldin umbreyttist hann í skemmtistað. Húsið var glæsilega innréttað og var skipt í þrennt, Glaumbæ, Kætauna og Næturlúbbinn. Glaumbær varð griðarlega vinsæll og



Glaumbær brennur 1971.

algjör burðarstólpi í næturlífi Reykjavíkur.

Glaumbær var starfræktur í rúm tíu ár,

þar til að eldur braust þar út 4. desember 1971. Þegar slökkviliðið hafði ráðið niðurlögum eldsins var staðurinn gjörónýtur enda timburklæddur að innan. Eldsupptök voru rakin til sigarettuglóðar í sófasetti.

Þrátt fyrir háværar kröfur hinnar svokölluðu Glaumbæjarkynslóðar um að staðurinn yrði endurbyggður stóðu umræður lengi yfir um hvað skyldi gera við húsið. Allar vonir runnu út í sandinn árið 1976 þegar ákveðið var að húsið yrði nýtt undir Listasafn Reykjavíkur, en Glaumbær lifir enn í samnefndu lagi Dúmbó og Steina. ■

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

ALLT

MIDVIKUDAGUR 3. nóvember 2021

KYNNINGARBLAÐ



Ruth Rogers, matreiðslumeistari og eigandi River Cafe í London, er margverðlaunuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Frægir ræða mat

elin@frettabladid.is

Veitingahúsið River Cafe í London er einn þekktasti Michelin-staðurinn í borginni. Ruth Rogers, annar stofnenda og stjörnukokkur, laðar frægt fólk að hvaðanæva úr heiminum. Á River Café koma frægðargestir á sviði lista, stjórnmála, tónlistar, kvikmynda og tísku svo eitthvað sé nefnt. Ruth hefur nú komið á óvart með eigin hlaðvarpi þar sem hún tekur þessa frægu gesti í spjall um mat. Þegar gestir hafa rætt um uppáhaldsmatinn eða mat sem þeir þola ekki, lesa þeir upp uppáhaldsuppskriftina sína á River Café. Gestir í nýlegum þáttum eru Paul McCartney, Michael Caine og Victoria Beckham.

Hlaðvarpið nefnist Ruth Rogers, River Cafe Table 4. Það gæti verið áhugavert fyrir íslenska aðdáendur staðarins að leggja við hlustir. River Cafe hefur frá upphafi boðið upp á ítalskan mat en það var einmitt á þessum stað sem Jamie Oliver og April Bloomfield hófu feril sinn.

Gríðarlega vinsæll staður

Meðeigandi Ruth var Rose Gray en hún lést árið 2010 úr krabbameini. River Cafe er staðsett við Thames í Hammersmith og panta þarf borð með löngum fyrirvara. Hlaðvarp Ruth var að mestu tekið upp í Covid-lokunum en hún hefur hug á að halda áfram og Michelle Obama og Joe Biden eru á óskalistunum yfir viðmælendur. ■

TARAMAR

Endurmótaðu húðina með lífvirkum efnum úr náttúru Íslands



Tuttugu alþjóðleg verðlaun



Pau Margrét og Björn hafa unnið saman í að verða tólf ár. Magga sér ekki fram á að hætta saumaskapnum í nánustu framtíð þótt hún sé komin á áttæðisaldurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hefur saumað rúmföt í 60 ár

Það má segja að Rúmföt.is á Nýbýlavegi 28 sé arftaki Fatabúðarinnar og Versins sem margir þekkja þegar kemur að góðum rúmfötum. „Eins og þessar búðir þá saumum við hluta af rúmfötunum okkar sjálf,“ segir Björn Þór Heiðdal, eigandi verslunarinnar Rúmföt.is. **2**

Skammdegið þarf ekki að vera erfitt

- Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimmum vetrarmorgnum
- 2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót

ICEHERBS NATURE SUPPLEMENTS



Quagliotti rúmfötin frá Ítalíu eru úr fyrsta flokks þræði og ofin eftir kúnstarinnar reglum, eins og ítölum einum er lagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Falleg rúmföt fyrir góðan svefn. Þessi fallegi blái litur fer vel með hvítu.

„Við flytjum inn dýrindis rúm-fataefni úr langþráða egypskri bómull beint frá Ítalíu. Ítalir fram-leiða ótrúlega mikið af vönduðum efnum. Síðan tekur saumakonan okkar við og saumar hágæða rúmföt eftir kúnstarinnar reglum,“ segir Björn. Hægt er að skoða úrvalið á vefsíðunni rumfot.is.

60 ára reynsla

Margrét Guðlaugsdóttir, eða Magga saumakona eins og hún er oftast kölluð, er konan á bak við rúmfötin. „Hún er reynslunni ríkari þegar kemur að saumaskap og rúmfötin sem hún saumar eru hreinlega listaverk,“ segir Björn. Magga byrjaði að draga þráðinn í gegnum saumavélina einungis fimmtán ára gömul. „Þá var ég ekki að sauma rúmföt, heldur hófst ferillinn í Belgíagerðinni við að sauma tjöld og svefnpoka,“ segir Magga. „Ég fór svo á sníðanám-skeið hjá Pfaff og lærði að sauma flikur og saumaði meðal annars sloppa fyrir hárgreiðslustofurnar. Saumaskapurinn hefur lodað við mig alla tíð síðan, þótt ég hafi starfað við ýmislegt meðfram. Ég hef verið dagamma í 22 ár, keyrt strætó og leigubil, unnið í mat-vörubúð, starfað á skrifstofu hjá Flugfélagi Íslands og margt fleira.“

Magga hefur gríðarlega reynslu af því að sauma rúmföt. „Ég saumaði meðal annars fyrir Verið á sínum tíma en einnig fyrir búðirnar Höfnina, Erlu við Snorrabraut og Kristínu, en þær eru allar löngu farnar. Síðast fór Fatabúðin og var mikil eftirsjá að henni. Nú hef ég saumað fyrir Björn í að verða tólf ár.“ Það má því með sanni segja að ansi margir Íslendingar hafi sofið undir rúmfötunum sem hún Magga saumar af sinni einskæru list.

Eins og heimilisköttur

Magga er 75 ára gömul og segist hvergi nærri hætt að sauma. „Ég man að fyrir nokkru síðan ræddum við Björn saman. Ég sagðist skyldi hætta sauma-skapnum þegar ég yrði 75 ára. Nú er sá tími kominn en mig langar bara ekkert að hætta. Ég ætla því að halda áfram að sauma fyrir

hann á meðan ég get. Hér áður fyrr saumaði ég mun meira en afköstin hafa minnkað eitthvað með árunum. En ég er alsæl að geta komið hingað og verið með yndislegu fólki og fengið að sauma. Það er heldur ekki öllum gefið að vera við svona góða heilsu. Ég fæ að ráða mínum vinnutíma sjálf. Ef ég er löt eða þreytt þá held ég mig bara heima. Ég er svolítið eins og heimiliskötturinn hér á staðnum, ég kem og fer svona þegar mér sýnist, nema ég þarf ekki að fara inn og út um gluggann,“ segir Magga og hlær. „Svo tek ég mér alltaf gott frí til að heimsækja dæturnar mínar, tengdasoninn og barnabörnin þrjú í Svíþjóð.“

Bara það besta

Rúmfötin sem Björn býður upp á koma víða að úr heiminum en eiga það sameiginlegt að vera þau allra vönduðustu sem völ er á. „Það er ótrúlega gaman að geta boðið upp á rúmföt sem enginn annar er að selja á Íslandi. Við eyðum einum þriðja af ævi okkar í rúminu og góð rúmföt skipta því gríðarlegu máli. Það er fátt betra en að leggjast í nýuppbúið rúm með hreinum og mjúkum rúmfötum. Helst úr dásamlegu satíni eða damaski frá Ítalíu.

Við bjóðum upp á rúmföt frá flottustu vefurum Ítalíu, til að mynda frá Quagliotti sem vefur dúka og sængurföt fyrir bresku drottninguna og sum flottustu lúxushótel í heimi. Fyrir rúmum 12 árum ákvað Hotel Ritz í París að bjóða gestum sínum upp á rúmföt frá Quagliotti eftir ítarlega leit að bestu rúmfötum í heimi. Hótel eins og The Mark í New York, MGM í Macau, The Peninsula í Hong Kong, Armani í Milanó, 101 Reykjavík og lúxushótelid við Bláa lónid bjóða gestum sínum líka upp á Quagliotti rúmföt.“

Einnig fást rúmföt frá tveimur öðrum ítölskum vefurum í viðbót við Quagliotti. „Ég er með rúm-fatadellu á háu stigi. Sennilega er þetta ólæknandi en búðin gerir mér kleift að fá almennilega útrás og flytja inn rúmföt sem annars væru ekki framleidd fyrir



Margrét er alger listamaður þegar kemur að saumaskap. Hún segir Björn vanda mjög vel valið í efnum fyrir rúmfötin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Bómullin í rúmfötunum frá Curt Bauer krumpast lítið.

íslenskan markað, eða bara alls ekki. Það er ekki nóg fyrir mig að kaupa lagervöru heldur læt ég vefa fyrir mig efni sem Magga saumar síðan úr. Ég vel munstrið, litina og hvaða þráð ofið er úr og alltaf spyr ég hvort það sé ekki hægt að fá betri og flottari þráð til að vefa úr. Ég spyr aldrei hvað sé ódýrara. Ég vil bara það besta,“ segir Björn brosandi.

Húskötturinn sefur í satíni

Magga segir það mikla nákvæmnisvinnu að sauma rúmföt. „Maður skyldi nú halda að eftir tæplega 60 ára starfsreynslu ætti ég að vera löngu búin að fá nóg af þessu. En mér hefur alla tíð þótt gaman að sauma og þykir það enn þá. Þegar það kemur nýtt efni í búðina frá Ítalíu þá renni ég höndunum um það og hugsa með mér: „Noh, hvað það verður gaman að sauma úr þessu.“

„Ég er líka mikið í að sauma milliverk í sængurföt, svona eins og var vinsælt í gamla daga. Milli-verk er svona blúnda sem kemur yfir sængina en þetta jókst mikið í hrúninu, þá fóru allir að hekla og bróðera milliverk. Þetta eru mikil listaverk og allt gert í höndunum. Svona milliverk dugir í tvenn og oft þrenn sængurver. Þá er þetta rakið upp og saumað í nýtt sett. Þetta er svo ættargripur oft og tíðum. Amma eða langamma heklaði þetta og saumaði í sína sæng. Nú kemur fólk með þetta til mín að



Sérofið ítalskt silkidamask úr langþráða egypskri bómull.



Vandað 600 þráða satín. Afar fallegt mynstur.

láta sauma blúnduna hennar ömmu í sína sæng. Sjálf er ég ekki hrifin af því að sofa með blúndur í sængurfötunum mínum, en allra best þykir mér að sofa undir satíni. Það eru nú til flottari sængurföt í búðinni hjá Birni, en satínið hentar mér.

Við eigum líka vinsæl silki-koddaver í fimm litum sem fara vel með húðina og hárið. Hárið rennur þá ekki til á efninu og það er ekki að sjá á hárinu að maður sé nýstigin upp úr sænginni. Það er til dæmis mjög vinsælt að gefa þetta í jóla- eða afmælisgjafir.“

Þýsk gæði og satín

„Búðin á Nýbýlavegi varð nýlega þriggja ára og má segja að mót-tökurnar hafi farið fram úr okkar björtustu vonum. Fólk er sérstak-lega ánægt að geta keypt flott rúmföt sem eru saumuð á Íslandi. Í viðbót við öll ítölsku rúmfötin og þessi sem Magga saumar, seljum við gæðarúmföt frá þýska vefar-anum Curt Bauer. Þegar ég opnaði verslunina vildi ég bjóða upp á breiðara vöruúrval og eiga eitthvað til handa öllum. Ég vil að fólk geti komið í búðina mína og fundið rúmföt sem það langar í. Þýsku rúmfötin eru virkilega mjúk og endingargóð og frábær valkostur,“ segir Björn.

Rúmföt.is er einnig með eitt mesta úrval á landinu af 600 þráða satínrúmfötum, einlitum og með áprentuðu munstri. „Þetta eru

alveg dásamlega mjúk rúmföt sem viðskiptavinir okkar elska. Það kom kona um daginn og keypti svona rúmföt. Nokkrum dögum síðar kom hún aftur og keypti rúmföt í jólagjafir handa fjölskyld-unni. Hún sagði að þetta væru bestu rúmföt sem hún hefði sofið undir. Við vorum auðvitað mjög glöð að heyra þetta. Hún kom síðan í þriðja skiptið og keypti meira sem ég átti nú ekki endilega von á,“ segir Björn.

Góður svefn gegn myrkrinu

Rúmföt.is er einnig með dásamleg-ar dúnsængur úr 100% gæsadúni. „Við eigum bæði þýskar hágæða-sængur og líka aðeins ódýrari sæng-ur frá Kína sem eru virkilega kósí og gott að sofa undir. Ég hef sofið undir öllum sængunum sem við flytjum inn og núna í augnablikinu sef ég undir 770 gramma sæng frá Kína. Hún er alveg svakalega góð þó ég segi sjálfur frá. Ég bað um dýrasta og besta dúninn og síðan flottasta ytra byrðið. Jerry, vinkona mín og sölustjóri, var alveg steinhissa hvað ég vildi flottar sængur. Ég útskýrði fyrir henni að það væri svo mikið myrkur á veturna á Íslandi að góðar sængur og kósí rúmföt væru alger-lega nauðsynleg,“ segir Björn að lokum. ■

Rúmföt.is á Nýbýlavegi 28, er opin milli 12-17.30 virka daga og 11-15 laugardaga. Sími: 565 1025, www.

Fæðingum fjölgar á tímum Covid

Talsverð aukning hefur orðið í barnsfæðingum á þessu ári hér á landi, í Noregi og Danmörku. Það er fagnaðarefni þar sem fæðingum hefur fækkað undanfarin ár í öllum þessum löndum.

elin@frettabladid.is

Á vef Hagstofunnar kemur fram að á öðrum ársfjórðungi þessa árs fæddust 1.270 börn á Íslandi og hafa fæðingar á þessum mánuðum ekki verið fleiri frá árinu 2010. Birna Gerður Jónsdóttir, yfirljósmóðir á Landspítala, segir að starfsfólkið hafi svo sannarlega fundið fyrir þessari aukningu. „Það voru 2.952 fæðingar á Landspítalanum frá 1. janúar til 31. október á þessu ári. Sambærilegar tölur frá 2020 á sama tíma voru 2.800 fæðingar og 2.786 árið 2019. Það er þó ekki búð að fara endanlega yfir tölur á þessu ári og geta verið einhverjar skekkjur í talningunni,“ segir hún. Birna Gerður segist ekki geta svarað hvort Covid tengist þessari aukningu.

Í Noregi jókst tíðni fæðinga umtalsvert í janúar 2021 og í fyrsta skipti í mörg ár sem þeim fjölgar þar í landi. Aukningin í þessum eina mánuði var 4,9% samkvæmt nýjum tölum frá Norsku lýðheilsustofnuninni. Norðmenn tengja þessa aukningu við Covid-lokanir. Þessi börn voru getin í apríl 2020, aðeins nokkrum vikum eftir samkomubann en Noregur lokaði



Merkilegt þykir að níu mánuðum eftir að samkomubann tók gildi í fyrra fjölgaði mjög fæðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

mest allri starfsemi 12. mars í fyrra, að því er greint er frá á vefmiðlinum forskning.no.

Mest var aukningin í mars á þessu ári en þá fæddust 376 fleiri börn en í sama mánuði í fyrra, sem er 8,3% aukning. Reyndar fæddust

mun fleiri börn á fyrstu níu mánuðum ársins en 2020 og var það í öllum fylkjum Noregs. Fæðingum fjölgaði mest á norðurhluta landsins, eða um 13,7% miðað við árið áður.

Yfirlæknir hjá Norsku lýðheilsu-

stofnuninni segir að þessi fjölgun komi mikið á óvart. Ekki síst í ljósi þess að fæðingum hafi fækkað umtalsvert í Noregi frá árinu 2009. „Algengt er að fresta barneignum á krepputímum þannig að þetta er ekki samkvæmt mynstrinu.“

Það voru 2.952 fæðingar á Landspítalanum frá 1. janúar til 31. október á þessu ári. Sambærilegar tölur frá 2020 á sama tíma voru 2.800 fæðingar og 2.786 árið 2019.

Birna Gerður Jónsdóttir

Komið hefur í ljós að það eru ekki bara Ísland, Noregur og Danmörk sem hafa fundið fyrir breytingu á fæðingartíðni upp á við. Sú þróun var einnig í Hollandi, Ungverjalandi og Króatíu. Það má því kannski segja að það hafi orðið svokallað „baby boom“ níu mánuðum eftir Covid-lokanir.

Hvort samkomutakmarkanir og minna daglegt stress geti hafa haft svona góð áhrif er ósagt látið en greinilega höfðu þör meiri tíma fyrir sjálf sig í Covid. Fólk var heimavinnandi, hitti hvorki fjölskyldu eða vini, slapp við umferðina og daglegt stress við að koma sér á milli staða eða sækja börn í skóla eða leikskóla. Mögulega hafði samkomubannið áhrif á ástarlífið til góðs. ■

Áhrifin kraftaverki líkust

Hvannarrótin frá ICEHERBS getur aukið lífs-gæði með því að viðhalda heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás ásamt því að bæta meltinguna. Varan er 100% hrein, náttúruleg og án óþarfra fylliefna.

Friðrik Guðmundsson vaknaði á hverri nóttu til að pissa þar til hann fór að nota hvannarrót.

„Ég var alltaf að vakna og það kom fyrir að ég lenti í smávægilegum þvagleka. Einhver benti mér á að fara í heilsubúð til að fá eitthvað við þessu og þar var mér bent á hvannarrót. Ég var nú efins um þetta en ákvað samt að prófa og þetta reyndist vera lausnin fyrir mig,“ segir Friðrik. „Nú séf ég allar nætur og verð aldrei var við neinn þvagleka. Mér fannst breytingin alveg ótrúleg og það tók merkilega stuttan tíma, um viku eða tíu daga, fyrir vandamálið að hverfa alveg.“

Þetta var eins og kraftaverk,“ segir Friðrik. „Ég er nú orðinn svolítið gamall og hélt að þetta væri bara aldurinn og hafði spurt lækni um þetta og hann sagði að þetta fylgdi aldrinum. Það hafði örugglega áhrif, en þetta leysti vandann.“

Ég nota hvannarrót enn þá og tek eina töflu á dag, en ekki á neinum ákveðnum tíma,“ segir Friðrik. „Ég hef ekki orðið var við neinar auka-verkanir eða neitt slíkt, ég losnaði bara við vandamálið.“

Ég myndi hiklaust mæla með hvannarrót fyrir alla sem glíma við þetta vandamál. Ég hélt að það væri ekkert til við þessu og hafði prófað aðrar lausnir sem virkuðu ekki eins vel, þannig að þetta var bylting fyrir mig,“ segir Friðrik. „Ég vona að þetta geti hjálpað fleirum.“

Hvannarrótin frá ICEHERBS

Hvannarrót er úr íslenskri æti-hvönn, sem heitir á latínu Angelica archangelica. Ætíhvönn hefur sterkar rætur sem búa yfir miklum



krafti og rótin á plöntunni virðist vera virkari og hafa mun meiri örvandi áhrif en aðrir hlutar plöntunnar. Hvannarrótin frá ICEHERBS er þurrkuð og möluð hvannarrót í hylkjum úr jurtabeðmi, sem gerir vöruna 100% náttúrulega.

Ætíhvönn er ein þekktasta nytja- og lækningajurtin sem notuð var á Íslandi og víðar í norðurálfi til forna, en hún vex aðallega á norðlægum slóðum eða hátt til fjalla í Evrópu. Allir hlutar plöntunnar hafa verið nýttir í gegnum tíðina en rótin var einna mest notuð til lækninga þar sem styrkleikar hennar hafa alltaf verið vel þekktir.

Jurtin er þekkt fyrir að vinna gegn einkennum ofvirktrar þvagblöðru og getur viðhaldið heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás. Sýnt hefur verið fram á að notkun hvannar geti fækkað salernisferðum og þar með haft jákvæð áhrif á svefn og um leið bætt daglegt líf. Áhrif hvannarrótar eru margvísleg og fyrir utan jákvæð áhrif hennar á þvagblöðru hefur hún lengi verið notuð við hvers kyns meltingarvandamálum, til að örva meltingu og draga úr uppþembu og lofti í maga. Dagleg inntaka hefur mikil jákvæð áhrif á líðan fólks.

Á seinni árum hafa svo verið gerðar miklar vísindalegar rannsóknir á virkni og efnainnihaldi



Friðrik Guðmundsson segir að hvannarrót hafi hjálpað honum gríðarlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ætihvannar sem hafa leitt í ljós að sú virkni sem kennd hefur verið við hvönnina í þúsundir ára er sannanleg og að ætíhvönnin sé einkar virk og öflug jurt.

Hrein náttúruafurð

Markmið ICEHERBS er að nýta náttúruauðlindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna þær í hreinar, neytendavænar vörur fyrir viðskiptavinum.

„Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og notum engin óþörf fylliefni,“ segir Katrín Amni, framkvæmdastjóri Náttúrusmiðjunnar. „Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu.“ ■

Hvannarrótin frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruslunum, Hagkaup, Nettó og Fjarðarkaupum. Fæst einnig í nýrri vefverslun ICEHERBS iceherbs.is með frírri heimsendingu ef pantað er fyrir 8.000 kr. eða meira.



Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

Uppýsingar í síma 868-2055

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

+++EÐALVERK+++

- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsaviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögun

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir timar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Lögglitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytingar og skipulagslýsingar vegna eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Glóra L166231 – Aðalskipulagsbreyting – Skilgreining íbúðarsvæðis
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. október 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps innan lands Glóru. Í breytingunni felst skilgreining íbúðarsvæðis innan jarðarinnar.
- Hlíð 1 – Aðalskipulagsbreyting – Breytt afmörkun frístundasvæðis
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. Október 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps og deiliskipulags fyrir Hlíð. Í breyttu aðalskipulagi verður afmörkun frístundasvæðisins F1 yfirfarin m.t.t. lóða í nýju deiliskipulagi og heimilaðar verða minni frístundalóðir en almennt er gert ráð fyrir í aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Einnig verður afmarkað allt að 120 ha landbúnaðarland í landgræðslu- og skógræktarsvæði. Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar, staðfest árið 1995, þar er gert ráð fyrir 5 sumarhúsum. Deiliskipulagið verður fellt úr gildi við gildistöku nýs skipulags. Í nýju deiliskipulagi verður gert grein fyrir núverandi frístundahúsum en sex hús hafa verið byggð á jörðinni, afmarkaðar verða lóðir fyrir núverandi hús og lóðum fjölgað. Gert er ráð fyrir allt að 20 lóðum á svæðinu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Krókur L170822 – Aðalskipulagsbreyting – Gufuafsvirkjun á Földahálsi, skilgreining iðnaðarsvæðis
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Króks, L1708221. Í breytingunni felst skilgreining iðnaðarsvæðis á Földahálsi fyrir gufuafsvirkjun. Raforkuframléiðsla er áætluð allt að 3,9 MW sem nýtt verður fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks.
- Kílhraun land L191805, Áshildarvegur 2-26 – Aðalskipulagsbreyting – Úr frístundabyggð í íbúðabyggð.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. Október 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Áshildarvegar 2-26 í landi Kílhrauns, L191805. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist að hluta til í íbúðarsvæði.
- Þórisstaðir land L220557 – Aðalskipulagsbreyting – Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði.
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. september 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þórisstaða lands, L220557. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði innan landeignarinnar. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum.

Deiliskipulagsmál:

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur og lýsing eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

- Laufskálabyggð úr landi Grafarbakka II, lóðir 1,2,3,4 – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. ágúst 2021 að kynna breytingu á deiliskipulag Laufskálabyggðar í landi Grafarbakka II. Í breytingunni felst að innan hvernar lóðar fyrir sig verði gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss allt að 200 fm og tveimur aukahúsum á lóð allt að 40 fm en þó innan nýtingarhlutafalls lóða 0,03.
- Framnes; Nes 1 L230551 og Nes 2 L230552 – Deiliskipulag
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. október 2021 að kynna nýtt deiliskipulag fyrir Nes 1, L230551 og Nes 2, L230552. Deiliskipulagið tekur til lóða fyrir íbúðarhús, gestahús og skemmu.
- Heiðarbær frístundabyggð, Svínanes F3 – Deiliskipulag – 2110017
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21. október 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna deiliskipulags frístundabyggðar í landi Heiðarbæjar. Markmið skipulagsgerðarinnar er að samþætta lóðamörk og götumynd, auka skilvirkni við umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess s.s. innviði, náttúruvernd og að-gengi. Áhersla verður lögð á að skilgreina lóðarmörk, aðgengi og gönguleiðir. Með gerð deiliskipulags fyrir svæðið er einnig verið að fylgja eftir stefnu Bláskógarbyggðar um að stefna skuli að því að deiliskipuleggja eldri frístundabyggðir.
- Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki). Safn, ferða- og þjónustuhús – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. september 2021 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til lóðar Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakka) L170095. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustu- og aðstöðuhúss sem ætlað er að þjóna þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðinni.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana :

- Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Földahálsi, skilgreining iðnaðarsvæðis – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar vegna Gufuafsvirkjunar á Földahálsi. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir þremur borholum ásamt gufuskilju, gufuháf ásamt gufulögnum og öðrum búnaði gufuafsvirkjunar auk stöðvarhúss og kæliturnar. Gert er ráð fyrir því að 11 kV jarðstrengur verði lagður um 7 km leið að bænum Króki. Raforkuframléiðsla er áætluð allt að 3,9 MW.
- Minni-Bær land L169227, frístundahúsalóð – Deiliskipulag
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Minni-Bæjar lands, L169227. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóðar og byggingarreits fyrir sumarhús.

- Skagamýri L218056. Skipting lóða 2, 4 og 12 – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Skagamýri, L218056. Í breytingunni felst skipting lóðar 2 í lóðir 2, 2a og 2b, lóðar 4 í lóðir 4, 4a, 4b og 4c og lóð 12 í lóðir 12 og 12a.

- Kílhraun land, L191805, Áshildarvegur 2-26 – Deiliskipulagsbreyting
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 23. júní 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar samhliða tillögu á breytingu aðalskipulags innan svæðisins. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að frístundalóðir breytist í íbúðarhúsalóðir. Gert er ráð fyrir byggingarheimild fyrir íbúðarhús allt að 350 fm og 60 fm aukahúsi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is> . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.asahreppur.is/> , <https://www.blaskogabyggd.is/> , <https://www.floahreppur.is/> , <https://www.fludir.is/> , <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Mál nr. 1 - 2 og 6 - 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu. Athugasemdafrestur við kynningu mála er til og með 26. nóvember 2021. Önnur mál innan auglýsingar eru auglýst frá 3. nóvember 2021 til og með 17. desember 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Parftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa



SKÍÐADAGAR 20-50% AFSLÁTTUR

28. okt. - 6. nóv.

SKÍÐI SKÍÐASKÓR
SKÍÐABINDINGAR

FJALLASKÍÐASKÓR SKÍÐAPOKAR
FJALLASKÍÐABINDINGAR **SNJÓBRETTI**

SKÍÐAHJÁLMAR

SKÍÐAHANSKAR **FJALLASKÍÐI**

SNJÓFLÓÐABAKPOKAR SKÍÐASOKKAR

SKÍÐAGLERAUGU **GÖNGUSKÍÐI**

GÖNGUSKÍÐASKÓR SKÍÐABAKPOKAR


GÖNGUSKÍÐASTAFIR **SKÍÐASTAFIR**

SKÍÐAFATNAÐUR

SKÍÐAPAKKAR MEÐ
30% AFSLÆTTI

VÄIKI Black Diamond SKÍÐI - FJALLASKÍÐI DRBELLO SCARPA SKÍÐASKÓR - FJALLASKÍÐASKÓR KOMPERDELL SKÍÐASTAFIR
MÄRKER FRISSCH SKÍÐABINDINGAR - FJALLASKÍÐABINDINGAR Black Diamond SNJÓFLÓÐABÚNAÐUR (ÝLIR, SKÓFLA, STÖNG, BAKPOKAR, O.F.L.)
SMITH SKÍÐAHJÁLMAR - SKÍÐAGLERAUGU JUIBO FJALLASKÍÐAHJÁLMAR - FJALLASKÍÐAGLERAUGU DAKINE SKÍÐATÖSKUR - SKÍÐAVETTILINGAR
TOYO ÁBURÐUR O.F.L. FYRIR SKÍÐIN EKKSTYLE SPORTS GÖNGUSKÍÐI ALFA alpina GÖNGUSKÍÐASKÓR ROJTEFEIJA GÖNGUSKÍÐABINDINGAR

Veðurspá Miðvikudagur



Vaxandi sunnan- og síðar suðvestan- átt, 8-15 og fer að rigna seinnipartinn, fyrst vestast. Sums staðar slydda eða snjókoma í fyrstu. Vestlægari og skúrir v-til um kvöldið, en mun hægari vindar og bjartviðri A-lands. Hlýnar í veðri og hiti 1 til 7 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson



Ingvar Þór Jóhannesson átti leik gegn Roy Kvamme í norsku deildakeppninni síðustu helgi.

10. Dxd7! Bf6 11. Dh6 Rc2 12. Rc3 Rxa1 13. Hd1 Bd7 14. Rd5 Be7 15. Dg7 Hh8 16. Bh6! f6 17. Bf3 Bf6 18. Bh5+ Bg6 19. Bxg6 hxd6 20. Dxd6+ Hf7 21. Dg8+ 1-0. Ingvar fer yfir þessa mögnuðu skák á íslenskum skák-mönnum á Facebook. Í dag fara fram lokaumferðir unglingamótsins í Uppsölum. www.skak.is: Hjörvar í Riga ■

Krossgáta

- LÁRÉTT**

 - 1 tilkall
 - 5 léleg
 - 6 í röð
 - 8 brenna
 - 10 tveir eins
 - 11 pláss
 - 12 rytja
 - 13 sókn
 - 15 vín
 - 17 stigi
- LÓÐRÉTT**

 - 1 slöngvikaftur
 - 2 hreinsað
 - 3 miski
 - 4 tormerki
 - 7 æfur
 - 9 merja
 - 12 gljáhúð
 - 14 stigur
 - 16 drykkur

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 kafa, 5 aum, 6 gh, 8 stikna, 10 tt, 11 hamfari, 9 kremlja, 12 lakk, 14 rís, 16 öl. LÓÐRÉTT: 1 kastafi, 2 rut, 3 am, 4 agnúl, 7 rúm, 12 leif, 13 fram, 15 líkjör, 17 skali.

Sudoku

1		6						3
3	2				1	5		
7		4	5	9				
		5	1		8	4		
2		1						7
6	3	8			2	1		
	9						6	
	6	7				8		
			6		4	2	9	

3			2				8	4
		6	5				3	2
2			8					
5		3		1				
	1					9		
8		2						1
9	3						5	
7			5					
	2			3	7			9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

NÝ BÓK UM RISAEÐLUGENGIÐ

Lars Mæhle Lars Rudebjer

Risaeðlu-gengið

Ferðalagið

Krúttlegar, fræðandi og fyndnar sögur sem henta ungum lesendum

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17

Ekkert er svo slæmt að mark frá Man U geti ekki gert það verra!

Hamingjan er eins og bóla á bakinu? Ómögulegt að ná til hennar!

Betri en bjór í hendi...

... en tíu innbrotsþjófar á þaki!

Ég gæti fyllt Facebook með visku á einu augnabliki!

Já, gætiðu það? Það er svo sem ekki nóg til af henni!

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Gibson Les Paul Standard með upprunalegum háls í Heritage Cherry!

Klípið mig, mig hlýtur að vera að dreyma!

Ókei ... afklípið mig.

Jæjja, hvað finnst þér?

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Vúfff! Ég er ánægður að skólinn sé loksins búinn!

Við áttum smá málshátt um þetta þegar ég var lítill.

Bækur og blýantar á brott! Og kennarans augnaráð og glott!

Hafið þið heyrt þennan áður?

Illkvittið augnaráð er bannað í skólanum okkar.

Já, ég held það sé skilgreint sem hatursglæpur.

GERÐU STARFSFÓLKINU GLAÐAN DAG



**SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR
MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI**

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu. Margir verðflokkar í boði.

Konukvöld

Blómavals í Skútuvogi kl. 17-21 í kvöld

25% afsláttur
af öllum vörum



Helgi Björns

tekur lagið kl. 19




Hvítvínskonan

tekur á móti gestum kl. 18



Sigga Kling

mætir á svæðið kl. 18



Svansí

er kynnis kvöldsins



Litaráðgjöf

Maja Ben veitir litaráðgjöf

Vörukynningar:

- Blush ● Bara ● Bottega ● Nói Sírius ● Weleda ● Ostabúðin ● Woodwick

Blush kynnir unaðsvörur og jóladagatal - BARA víngos - Bottega 0,0% freyðivín
Pralín súkkulaði frá Nóa Sírius - Jólakonfekt frá Nóa Sírius - Celebrations konfekt
La Praline Scandinavia trufflur - Weleda húðvörur - Woodwick ilmkerti - Sonnett hreinsivörur
Petmark gæludýravörur - Hekla Íslandi kynnir jólalínuna - Ostabúðin kynning
Verkfærakynning frá Húsasmiðjunni - Lady litaráðgjöf ... og margt fleira sem kemur á óvart!

Happdrætti

Afmælishappdrætti Konukvöldsins verður mjög veglegt og fjöldi vinninga:
Hótel Selfoss gisting í 2 nætur og Spa - Jómfrúin gjafabréf - Hekla Íslandi kerti - Ostabúðin
Weleda gjafakörfur - Sonett hreinsivörur - Woodwick ilmkerti - Celebrations konfektflöskur
Blush unaðsvörur - Nói Sírius gjafapokar og konfektkassar - Collab goskassar
Berlinger Haus pottar og pönnur - Smáraftæki frá Húsasmiðjunni og margt, margt fleira.

Gjafapokar

Blómaval - Nói Sírius - Ölgerðin - Halldór Jónsson - IcePharma

Íspinnar í boði frá Kjörís meðan birgðir endast og Ölgerðin gefur drykki.
Myndakassi frá Rent a Party. Pulsuvagninn er með sértílbóð um kvöldið.

öld

Viltu vinna
75.000kr.
gjafabréf?



skrðu þig á facebook
viðburðinn


blómaval

*15 ára
afmæli Konukrölds*



Kvöldstundin í Tjarnarbíói var áhugaverð, segir gagnrýnandinn.

MYND/KAJA SIGVALDA

Eitthvað eða ekkert?

DANS

Neind thing

Tjarnarbíó
Höfundur: Inga Huld Hákonardóttir
Flytjendur: Inga Huld Hákonardóttir, Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir og Védís Kjartansdóttir
Lífandi tónlist: Ægir Sindri Bjarnason
Lífandi ljós: Arnar Ingvarsson
Leikmyndahönnuður: Guðný Hrund Sigurðardóttir

Sesselja G. Magnúsdóttir

Jú, það var eitthvað, dansverk Ingu Huldar Hákonardóttur, Neind thing, sem frumsýnt var í Tjarnarbíói fimmtudaginn 28. október 2021. En hvað það var, er erfitt að segja. Jú, hljóðheimur á hreyfingu. Drungi og ógn lúrdú í myrkrunu. Lífið skalf undan þunga hljóðanna. Líkamar börðust á móti háskanum í tóminu. Jú, myndlistargjörningur þar sem ljós og litir lýstu upp myrkvaðan salinn og uppröðun hluta formuðu rýmið. Jú, dansverk, reyndar óhefðbundið, engin skilgreind spor og óljós dansssköpun en samt dansverk þar sem þrjár manneskjur á sviði reyna að skapa tengsl sín á milli og við trommara sem tekur þátt í tengslamynduninni á sinn hátt.

En um hvað var það eiginlega? Ekki viss? Kannski free the nipples, sterkar konur sem bera brjóstin og ögra þannig viðteknum hefðum.

Kannski afbygging á ímynd hinnar mildu konu, því ekki berjast konur í fallegum sumarkjólum og stinga á hol? Kannski undirstrikun á ævafornu samspili kynjanna þar sem konur standa á sviðinu með líkamann og rödd að vopni á meðan karlarnir sitja berir að ofan á pöllum hátt yfir þær hafnar og tjá sig með tæknina að vopni. Þeir eru ekki berskjaldaðir í ljósunum heldur stjórna þeim og hljóðheiminum sem umlykur konurnar. Kannski fjallaði það um matarsóun. Kannski var verkið andóf gegn neyslumenn-ingunni eða andóf gegn andófinu gegn neyslumeningunni þar sem nánast ómögulegt er að haga sér á réttan hátt. Eða var tilgangurinn með verkinu kannski tómlætið og tilgangsleysið?

Kvöldstundin í Tjarnarbíói var áhugaverð og þankavekjandi stund þó að undirrituð sæi ekki alveg tilganginn með brasi flytjendanna á sviðinu enda mætti hún meðvitað á staðinn án þess að hafa kynnt sér efni verksins á nokkurn hátt. Þegar heim var komið og kynningar-efnið var skoðað lá aftur á móti allt í augum uppi. Auðvitað, hvernig hefði öðruvísi átt að túlka viðleitni okkar til að „umbreyta ástandi óreiðu og ömurleika í rými til að tengjast, dreyma, ihuga, dansa og leika“? ■

NIÐURSTADA: Aðstandendur sýningarinnar Neind thing hafa skapað athyglisvert verk um það hvernig hægt er að lifa af í distópiskum heimi. Verk sem er vel þess virði að sjá.



Það er algjört taumleysi í þessum lokahluta, segir Brynja.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Myrkur og fjör

Kona lítur við er ljóðabók eftir Brynju Hjalmsdóttur en hún hefur áður sent frá sé ljóðabókina Okfrumuna sem vakti mikla athygli og fékk Bóksalaverðlaunin.

kolbrunb@frettabladid.is

„Kona lítur við er bók um opnar dyr og lokaðar dyr, um það að hafa aðgang og hafa ekki aðgang,“ segir Brynja. Ljóðabók hennar skiptist í þrjá hluta. „Ég byrja á myrkum stað þar sem komið er að lokuðum dyrum. Í miðhlutanum er komið víða við, margar raddir hljóma og margar sögur eru sagðar. Síðasti hlutinn heitir í borg Skækjunnar og þar er vísað í Opinberunarbók Biblíunnar. Þar birtir til, borg Skækjunnar er alvöru útópía, mér leið eins og mödernista þegar ég skrifaði hana, fannst ég jafn-

vel ansi frökk að skrifa útópíu á þessum síðustu og verstu tímum. Það er algjört taumleysi í þessum lokahluta.“

Þar sem Brynja vísar í Opinberunarbókina í upphafi ljóðabókarinnar og í þriðja hlutanum spyr blaðamaður hvort hún sé vel lesin í Biblíunni. „Ég ætla ekki að halda því fram að ég sé vel lesin í henni en ég hrifst af henni sem pöetískum texta. Þetta er ein löng ljóðabók, full af sláandi orðum og setningum og Opinberunarbókin er eins og sótthitadraumur eða ótrúleg súrrealísk fantasía.“

Blaðamaður hefur orð á að það sé nokkurs konar óræður hryllingur víða í ljóðabókinni. „Ég vann þessa bók mikið í hugarflæði svo kannski er eitthvert myrkur þarna inni sem kemur upp á yfirborðið. Bókin er dálítið myrk en svo sam-einast fjör og sitthvað óvænt hryll-

”

Ég vann þessa bók mikið í hugarflæði svo kannski er eitthvert myrkur þarna inni sem kemur upp á yfirborðið

ingnum, þá er hún líka björt og vonandi skemmtileg.“

Um hryllingsáhrif segir Brynja: „Ég er mikið fyrir hryllingssögur og hrifst til dæmis H.P Lovecraft, Shirley Jackson og sumu eftir Stephen King. Ég hef líka frá barnsaldri verið mikill hryllingsmyndaunnandi.“ ■

Saga kynslóða

BÆKUR


Ilmreyr – móðurminning
Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir
Vaka Helgafell
Fjöldi síðna: 278

elinhirst@frettabladid.is

Bókin Ilmreyr fjallar um nokkrar kynslóðir forfeðra höfundar og er farið nokkuð fram og aftur tíma, en sagan flæðir þó vel. Ólína byrjar á að minnst móður sinnar á mjög fallegan hátt og segir frá því þegar hún kvaddi þennan heim og hvernig andlát hennar hafi leitt til þess að hún fór að hugsa um uppruna sinn og sögu.

Síðan vikur sögunni á ættarslóðir vestur á fjörðum, þar sem Ólína dvaldi mörg sumur sem barn og það er greinilegt að sveitavistin og líf ættingja hennar þar hefur haft mjög mótandi áhrif á hana sem manneskju. Við fáum að kynnst persónulegum brotum úr lífi forfeðra Ólínú, sem heillandi er að lesa. Sumt hefur líklega varðveist í munnlegri geymd, en margt er líka fengið úr kvæðum, bréfum, bókum, annálum og öðrum heimildum. En höfundur tekur fram að í sögunni vefjist saman sjálfsævisöguleg efnistöð, sagnfræði, þjóðfræði, skáldskapur og skemmtun.

Ólína skrifar mjög skilmerkilegan stíl sem þægilegt er að lesa. Textinn



er einnig þannig að lesandinn lifir sig mjög sterkt inn í aðstæður, og upplifir mannlegar tilfinningar, hvort sem um er að ræða sorgir, gleði eða hetjudáðir, t.d. þá sem ættmenni Ólínú og fleiri frömdu við Látrabjarg þegar togarinn Dhoon strandaði þar í myrkri og kafaldsbyl með 15 manna áhöfn árið 1947. Höfundur lýsir einnig dýrum sem miklum tilfinningaverum á fleiri en einum stað sem snertir hjarta lesandans.

Sögurnar af Eyjajarlinum, Eyjólfí Einarssyni, útvegsbónda í Svefneyjum, sem þurfti að ræna brúði sinni við altarið vegna þess að það átti að

gefa hana öðrum manni, og margar fleiri slíkar frásagnir, um gleði og harma, eru bæði skemmtilegar og fræðandi. Þegar liður á bókina nálgumst við nútímann á ný og höfundur segir okkur frá æsku sinni og uppvexti, hjónabandi foreldra sinna og erfiðleikum sem þau upplifðu á hreinskilinn hátt.

Bækur sem fjalla um það sem ég kalla „gamla Ísland“ eru í miklu uppáhaldi hjá mér, en Ilmreyr er einmitt slík bók. Líf, störf, ástir, sorgir, gleði, fátækt og umkomuleysi í samfélagi sem gaf þeim litinn grið sem veikir voru fyrir. Lífnaðarhættir þessara kynslóða eru mér hugleiknir: hvernig var hægt að lifa svo erfiðu lífi en geta samt sýnt metnað, þrautseigju, góðmennsku og stundum meira að segja að upplifa hamingju. Öllu þessu fáum við að kynnst í Ilmreyr.

Það er einn af kostum þessarar bókar hvað hún er hispurslaus, en samt skrifuð af skilningi og næmni gagnvart aðstæðum í einkalífi fólks á ólíkum tímum. Ég mæli hiklaust með bókinni, sérstaklega fyrir þá sem eru áhugasamir um „gamla Ísland“, eins og ég. Það eina sem ég sakna er ég hefði gjarnan viljað að bókinni fylgdi ættartré svo lesandinn gæti glöggvað sig betur á kynslóðum og skyldleika. ■

NIÐURSTADA: Fróðleg og heillandi saga, skrifuð af næmni og hispursleysi.

BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU

Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!

F

Sæktu Fréttablaðsappið frítt!

Download on the
App Store

GET IT ON
Google Play

Haustrútsala á skíðavörum 3.-10. nóvember



20-40% afsláttur af öllum
skíða- og brettabúnaði



Everest

Miðvikudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 19.00 Kvennaklefinn Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
- 20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Markaðurinn (e) Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.25 Menningin
- 13.30 Útsvar 2007-2008 Fljótsháls - Álfanes
- 14.20 Manstu gamla daga? Söngur og sild
- 15.00 Af fingrum fram Ragnhildur Gísladóttir
- 15.45 Líkamstjáning - Sviðsskrekur
- 16.25 Kveikur
- 17.00 Erilsömustu borgir heims
- 17.55 Þveigill og skrubbur
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Múminálfarnir
- 18.23 Hæ Sámur
- 18.30 Sjóræningjarnir í næsta húsi r
- 18.41 Eldhugar - Thérèse Clerc - aðgerðarsinni
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins Líf ertu að grínast? Flytjandi: Prins Póló Höfundur: Svavar Pétur Eysteinsson (Prins Póló)
- 18.54 Vikinglottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin
- 20.00 Græna röðin með Sinfó - Töfrar fortíðar. Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í beinni útsendingu frá Hörpu.
- 21.05 Kiljan Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu.
- 22.00 Tiúfréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Verðlaunahátið Norðurlandaráðs 2021 Upptaka frá Verðlaunahátið Norðurlandaráðs þar sem hin árlegu menningarverðlaun eru afhent. Verðlaunin eru afhent á sviði bókmennta, tónlistar, kvikmynda og náttúru- og umhverfismála. Hátiðin fór fram þriðjudaginn 2. nóvember í Kaupmannahöfn.
- 23.25 Mamma, pabbi, barn-Mamma, pappa, barn
- 23.55 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 15.05 Heil og sæl?
- 15.40 Missir
- 16.15 Single Parents
- 16.50 The King of Queens
- 17.10 Everybody Loves Raymond
- 17.35 Dr. Phil
- 18.20 The Late Late Show
- 19.05 Ást
- 19.30 Hver ertu?
- 20.10 Survivor
- 21.00 New Amsterdam
- 21.50 Good Trouble
- 22.35 Interrogation
- 23.20 The Late Late Show
- 00.05 Dexter
- 00.55 The Resident
- 01.40 Walker
- 02.25 Reprisal
- 03.20 Tónlist

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.03 Hádegisdagurinn
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.42 Hádegisdagurinn
- 13.00 Dánarfregnir
- 13.02 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Afganistan í öðru ljósi
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Svona er þetta
- 16.00 Siðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Þjóðsögukistan
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.40 Kvöldsgátt. Í verum, fyrra bindi; Sögunok
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir

Stöð 2 Bíó

- 12.30 Batman vs. Teenage Mutant Ninja Turtles
- 13.55 Echo in the Canyon
- 15.20 2 Years of Love
- 16.45 Batman vs. Teenage Mutant Ninja Turtles
- 18.10 Echo in the Canyon Heimildarmynd frá 2018 þar sem farið er í ræturnar á hinni sögulegu tónlistarsenu í Laurel Canyon í Los Angeles. Þar koma við sögu The Byrds, The Beach Boys, Buffalo Springfield og The Mamas and the Papas.
- 19.30 2 Years of Love
- 21.00 Braven
- 22.30 Harriet Mögnuð saga af flótta Harriet Tubman úr þrældómi og hvernig hún reis upp og varð ein mesta hetja Bandaríkjanna.
- 00.30 Ben is Back
- 02.10 Braven

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Divorce
- 09.50 All Rise
- 10.35 Your Home Made Perfect
- 11.30 Nostalgia
- 11.55 Friends
- 12.30 Nágrannar
- 12.50 Um land allt
- 13.20 GYM
- 13.45 Gulli byggir
- 14.15 Temptation Island
- 14.55 Tribe Next Door
- 15.45 Sendiráð Íslands
- 16.05 Inside Ikea Forvitnilegir heimildarþættir þar sem við fáum að gægjast á bak við tjöldin hjá einum stærsta og þekkasta vörumerkjaframleiðanda heims, Ikea.
- 17.00 Last Week Tonight
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 19.35 Amazing Grace Nýir ástralskir dramaþættir um ljósmóðurina Grace og ástríðufulla samstarfsmenn hennar.
- 20.20 Afbrigði
- 20.50 Intruder
- 21.40 Insecure
- 22.10 Sex and the City
- 22.40 Chucky
- 23.45 NCIS
- 00.30 Outlander 5
- 01.25 The Mentalist
- 02.05 Divorce
- 02.30 All Rise
- 03.15 Temptation Island
- 04.00 Friends

Stöð 2 Sport

- 06.35 Seinni bylgjan Leikirnir í Olís deild karla.
- 07.50 Seinni bylgjan Leikirnir í Olís deild kvenna.
- 08.50 Subway Körfuboltakvöld karla
- 09.55 Tilþrífir
- 10.40 KR - Njarðvík Útsending frá leik í Subway deild karla í körfubolta.
- 12.20 Valur - Vestri
- 14.00 Skallagrímur - Njarðvík Útsending frá leik í Subway deild kvenna í körfubolta.
- 15.40 Fjölnir - Grindavík
- 17.20 Subway Körfuboltakvöld kvenna
- 18.20 Valur - Fjölnir Bein útsending frá leik í Subway deild kvenna í körfubolta.
- 20.20 Njarðvík - Keflavík Bein útsending frá leik í Subway deild kvenna í körfubolta.
- 22.20 Valur - Fjölnir
- 00.00 Njarðvík - Keflavík

Stöð 2 Sport 2

- 07.05 Villarreal - Young Boys
- 08.45 Malmö - Chelsea
- 10.25 Juventus - Zenit
- 12.05 Meistaradeildarmörkin
- 12.55 Leipzig - PSG Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 14.55 Liverpool - Atletico Madrid Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 17.00 Football League Show
- 17.25 Dynamo Kiev - Barcelona
- 19.15 Meistaradeildin - Upphitun
- 19.50 Liverpool - Atletico Madrid Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 22.00 Meistaradeildarmörkin
- 22.45 Dortmund - Ajax
- 00.25 Sporting - Besiktas



STILLANLEGUM
DÖGUM
LÝKUR UM HELGINA

25%
AFSLÁTTUR

SETTU ÞIG Í STELLINGAR
FYRIR BETRI SVEFN

MEÐ ÞVÍ EINU AÐ SNERTA TAKKA GETUR ÞÚ STILLT
RÚMIÐ Í HVADA STELLINGU SEM ÞÉR HENTAR

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði. Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Þannig tryggir þú rétta svefnstillingu hver sem svefnstaða þín er og hjálpar þér að ná dýpri og betri svefni. Hægt er að sérsníða rúmið eftir þínum þörfum; velja um þrjá mismunandi stífleika sem og fjórar mismunandi toppdýnur. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterkt, ofnæmisfrítt og andar vel.

Serta Splendid stillanlegt heilsurúm með Ocean gaflí og HR toppi. 2x90x200 cm. Fullt verð: 679.900 kr.

Tilboð 509.925 kr.

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRÁUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra
BAK



LIVERPOOL
VS



ATLÉTICO MADRID

Í KVÖLD 19:15

EKKI MISSA AF BESTA SJÓNVARPI Í HEIMI!



Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**



Gef oss í dag vort andlegt brauð

Heilsumarkþjálfinn og íþróttafaðingurinn Erla Guðmundsdóttir hefur búið til dagatal sem hún kennir við Nærandi nóvember og er ætlað að hvetja fólk til andlegrar og líkamlegrar heilsueflingar með því að gera eitt verkefni á hverjum degi mánaðarins.

svavamarin@frettabladid.is

„Mig langaði að birta yfir skammdeginu með litlum áminningum á hverjum degi sem fela í sér að hrósa sjálfum sér og öðrum og jákvæðum gjörðum. Nóvember er dimmur mánuður fyrir marga og því er tilvalið að gera eitthvað uppbyggilegt til þess að létta lundina með Nærandi nóvember þar sem þú færð dagleg heilræði eða verkefni til þess að næra líkama og sál,“ segir Erla.

Félagslegi þátturinn mikilvægur

Að sögn Erlu er fólk oft fast í þeirri hugsun að heilsa byggji eingöngu á næringu, hreyfingu og svefni, sem er þó nýleg viðbót við umræðuna. Hún bendir á að það gleymist oft að tala um mikilvægi andlegrar og félagslegrar heilsu okkar.

„Þó svo að hreyfing, svefn og næringarrikur matur séu afar mikilvæg, er ekki síður mikilvægt að sinna frumnæringunni sem felst í samskiptum við okkar nánustu, félagslegum tengslum, almennri gleði og andlegri næringu.

Við getum sinnt þessum þáttum heilsunnar með því að hrósa, með jákvæðu sjálfstali og gera góðverk. Oft þarf ekki mikið til þess að koma brosi á varir einhvers eða hlýju í hjartað, en það hefur hins vegar oftast en ekki gríðarlega jákvæð og langvarandi áhrif,“ útskýrir Erla.

Framkvæmdafíðrildi

Erla útskrifaðist úr heilsumarkþjálfun í byrjun árs 2019 og stofnaði í kjölfarið HeilsuErlu - heilsumark-



Erla leggur áherslu á að heilsa er meira en næring, hreyfing og svefn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Erla er alveg á haus í andlegri og líkamlegri heilsueflingu.

Nærandi nóvember

Nærðu líkama og sál með því að gera góðverk og hrósa í nóvember.

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	mikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
heilsuErlu.is	1 Hérnaðu þér fyrir allt sem þú gerir vel.	2 Bræðu til allra sem þú mætir.	3 Hérnaðu ákunnugum í dag.	4 Þakkaðu fyrir hvern í stað þess að endmála eða snúa út úr.	5 Hérnaðu með hjartanu.	6 Skilðu eftir tölga skilaboð þar sem einhver finnur þau óvænt.
7 Hérnaðu náðum.	8 Hugleiðu hvern veltir þú hamingju og af hverju.	9 Eitt stóð hvern getur breytt degi sínum. Hérnaðu jákvæð óhrif.	10 Hugnaðu og talaðu fellaða til þín. Jákvætt spjalltal hefur jákvæð óhrif á öðrum okkar.	11 Skilðu til þín fellað skilaboð og hengdu upp þar sem þú sérð þau reglulega.	12 Hérnaðu þú á þér.	13 Hérnaðu afgráðuleiki sem afgráður þig þegar þú verður.
14 Hérnaðu í stað þess að gægnir og einblíndu á það góða en ekki slæma.	15 Hérnaðu vinnu- eða skólastöðu.	16 Félmaðu einhver í dag.	17 Átt þú þér fyrirmynd? Segðu viðkomandi frá því og hvern vegna.	18 Hérnaðu einhverjum fyrir jákvæða eiginleika eða styrkleika.	19 Skilðu þakkarbréf.	20 Kæmdu einhverjum ákenniliga á deurt.
21 Gerðu eitthvað sem gleður þig.	22 Gerðu öðrum fella atthugi í dag.	23 Hleypstu einhverjum fram fyrir þig í náb í dag.	24 Tjáðu tilfinningar þínar til einhvers sem þú treystir.	25 Græðu náðum í dag.	26 Hvort er besta hris sem þú hefur fengið? Hvernig leið þér?	27 Barnaðu setninguna: Í dag er góður dagur til þess að...
28 Segðu einhverjum að þér þyki vænt um viðkomandi.	29 Taktu afri þér góðu í fari allra í dag.	30 Gerðu góðverk.	Nærandi nóvember verður gerð góð skil á Instagram alla daga mánaðarins þar sem Erla fer betur yfir heilræði hvers dags. @heilsuerla_heilsumarkthjalfun			

Nærandi nóvember er fullur af góðum ráðum og uppbyggilegum verkefnum.



Ég er svo mikið fíðrildi að ef ég fæ hugmynd þá framkvæmi ég hana.

þjálfun og ráðgjöf, með það að markmiði að efla fleiri til að huga að heilsu sinni heilðrænt og ná langvarandi árangri.

„Fyrir tveimur árum fór ég af stað með gjörning sem ég kallaði 100 hrósdagar og fór fram á Facebook. Fólk tók vel í það svo ég ákvað að gera hrósviku í kjölfarið á Instagram. Það virðist sem margir kunni að meta þessar litlu daglegu áminningar og þá kom hugmyndin að Nærandi nóvember,“ segir Erla og bætir við að hún sé mikið fíðrildi og framkvæmdaglöð.

Erla hefur í gegnum árin tileinkað sér að vera í núnu og hafa jákvæð samskipti við aðra. „Það skiptir mig ótrúlega miklu máli og ég vona að einhver geti nýtt sér verkefnið sem gæti bætt líf einhvers örlítið, þá er markmiðinu náð,“ segir hún.

Hrósað af einlægni

Erla leggur áherslu á mikilvægi þess að gjörðirnar sem eru settar fyrir hvern dag séu framkvæmdar af einlægni. „Bæði fyrir okkur og fyrir aðra svo þær geri gagn og að við hrósum fyrir eiginleika, hegðun og styrkleika, en ekki fyrir útlit eða veraldlega hluti,“ segir hún.

„Ég hef fengið mjög góðar mót-tökur frá fólki sem hefur til dæmis prentað dagatalið út og hengt upp á kaffistofunni í vinnunni,“ segir Erla glöð.

Nánari útskýringar á verkefninu er hægt að finna á Instagram-reikningi Erlu: heilsuerla_heilsumarkthjalfun og á heimasíðunni heilsuerla.is. ■

VIÐ FLYTJUM



MaxMara B|A|S|L|E|R BRAX

Skippholti 21 | Sími 551 0770
www.tiskan.is

Blendnar tilfinningar til Boba Fett

odduraevar@frettabladid.is

Ný stikla úr Star Wars-sjónvarpsþáttunum Book of Boba Fett kom út fyrir tveimur dögum. Stjörnustríðs-aðdáandinn Stefán Pettersson segist þó ekki vita hverju hann eigi von á en mannaveiðarinn Boba Fett hefur verið hátt skrifaður hjá mörgum aðdáendum gömlu myndanna í áratugi.

„Ég hef ekki hugmynd um hvert þeir ætla að fara með þessa þætti og hvort þetta verður eingöngu þáttur um Boba Fett sjálfan en það sem kom á óvart var kannski þessi undirheimastemning,“ segir Stefán um stikluna fyrir þættina sem eru sjálfstætt framhald Mandalorian-þáttanna vinsælu og gerast eftir atburði gömlu bíómyndanna.

„Og það hefur, ekki svo ég viti, verið lögd svona mikil áhersla á þetta í sjónvarpinu,“ segir Stefán en í stiklunni lítur út fyrir að Boba nái yfirráðum yfir plánetunni Tatooine, heimtur úr helju eftir að hafa vírst deyja í Return of the Jedi.

„Ég var ekki viss hver tilgangurinn var að fá Boba aftur fyrst, þetta virkaði smá eins og svona „fan-service“ þegar Boba birtist skyndilega í Mandalorian-þáttunum,“ viðurkennir Stefán. „En þeir eru að prófa eitthvað nýtt og vilja greinilega hafa Boba sem beitu í þessum nýju þáttum og vekja áhuga, sérstaklega hjá aðdáendum.“

Þá hefur Disney gefið út nýja Star



Stjörnustríðsaðdáendur úr 501. herdeildinni uppáklæddir sem hinn dæði Boba Fett og óbreyttur stormsveitarmaður.

MYND/ADSEN



Stefán Pettersson

Wars-þætti á borð við Bad Batch, sem er framhald af Clone Wars og Star Wars Visions.

„Ég horfði á Bad Batch-þættina en hef ekki klárað Visions enn þá. Ég hef horft á einhverja þætti af þeim en sumir gripu mig ekki svo ég hef ekki haft nennuna til að horfa á meira,“ segir Stefán.

Hann segist hafa fjarlægst Star Wars eftir níundu myndina. „En ég hef fylgst með þessu með öðru auganu. Varðandi Book of Boba Fett hef ég ekki fylgst með því hverjir eru að leikstýra þáttunum eða sjá um þá,“ viðurkennir Stefán léttur í bragði. ■



PIER

Jólaglesi

25%

afsláttur af jóla- og smávöru*

Opið til 23 í dag.

Verið velkomin!

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Jólakvöld

HÚSGAGNAHALLARINNAR - Bíldshöfða 20, Reykjavík

Í kvöld kl. 19⁰⁰–22⁰⁰

20%

AFSL.

AF ALLRI SMÁVÖRU*

GILDIR MIÐVIKUDAG 3. NÓVEMBER

Jólakvöldið verður í verslun okkar
á Bíldshöfða milli kl. 19-22.

Upplifðu yndislega
jólastermingu með okkur.

Léttar veitingar og ljúfir jólatónar.
Þekktir fagurkerar verða á
staðnum og gefa góð ráð

Ýmislegt fleira skemmtilegt

Fylgstu með á K100
þar sem við gefum gjafabréf

Bein útsending á www.mbl.is
milli kl. 20 og 21 með Evu Ruzu



Sjáumst hress
í höllinni!



Sendum frítt með Póstinum í póstbox,
pakkaþort og DROPP ef keyptar eru
smávörur fyrir 9.900 kr. eða meira.

*gildir ekki sem viðbótarafsláttur
af áður niðursettum verðum

Reykjavík
Bíldshöfði 20

11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Bakþankar

Önnu Sigrúnar
Baldursdóttir

Óskhyggja

Óskhyggja er vonin um að eitt-hvað gerist sem litlar eða jafnvel engar líkur eru á að raungerist. Óskhyggjan lætur sér yfirleitt ekki segjast. Mín ólseiga óskhyggja er, var og verður líklega áfram að ég nái neðri mörkum kjörþyngdar minnar. Lesendum til upplýsingar hefur það aldrei gerst þau 35 ár sem ég hef reynt við markmiðið. Ég ætti auðvitað að láta mér segjast; það eru litlar líkur á að endurtekin hegðun (les: of lítill hreyfing, of mikill matur) skili öðru en sama árangri.

Nú um stundir ríkir nokkur óskhyggja í samfélaginu í baráttunni við Covid-19. Hún lýtur að því að nú geti lífið færst í samt horf og fyrir Covid-19, en að niðurstaðan verði samt ekki sú að smitum fjölgi eða að álag á heilbrigðiskerfið okkar verði of mikið. Við ættum auðvitað að láta okkur segjast, það eru litlar líkur á að endurtekin hegðun (les: grímulausir hópfgnaðir með knúsum) skili öðru en sömu niðurstöðu.

Loks gætir óskhyggju í baráttunni við loftslagsvána. Það er morgunljóst að Ísland er methafi í losun koltvísýrings en nú er helst að skilja að framlag Íslands til baráttunnar við losun koltvísýrings, sem er helsta ástæða loftslagsvárinna, sé í því fólgin að auka losun koltvísýrings. Það eru litlar líkur á að endurtekin framkvæmd (les: virkja meira, losa meira) skili öðru en sömu niðurstöðu.

Niðurstaða: ég verð áfram í efri hluta kjörþyngdar, Covid-19 heldur eitt-hvað áfram og Ísland verður áfram koltvísýringslosunarsóði, en nú í þeirri von að okkar losun verði samt „best í heimi“.

Það er ekkert víst að þetta klikki. ■

Sterkari saman í sátt við umhverfið

LITRÓF

GuðjónÓ | Prenttækni

UMHVERFISVÆN PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

Loksins vetur

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north